

2298 6948

IK

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

6. tbl. 2019

SÖFN OG UMHVERFI – Í ÞÁGU ALMENNINGS: AÐGERDIR OG ÁSKORANIR SAFNA Í BARÁTTUNNI GEGN
LOFTSLAGSBREYTINGUM – LEITIN AÐ LATA BRÚN: HINUM ÍSLENSKA GUSTAF WASA – FARSKÓLI SAFNMANNA
30 ÁRA – BROSIR JURTAVAL: SÖLVI HELGASON OG WILLIAM MORRIS – SAGA LISTASAFNA Á ÍSLANDI

2298 6948



Safnafræði

BA-nám, diplómanám, MA-nám og fjarnám

hi.is/safnafraedi



Diplóma í safnafræði, 30 ECTS

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi og hentar m.a. fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu. Námið tekur tvö misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-námi í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þeir það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Hægt er að stunda diplómanám í safnafræði í fjarnámi.

Gimli við Sæmundargötu - 101 Reykjavík

Sími 525 4500

fom@hi.is

hi.is/safnafraedi

Meistaránám í safnafræði, 120 ECTS

Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri viðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fystu einkunn (7,25) eða sambærilega prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru við safnafræði. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e taki hluta námsins við erlendan háskóla.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD



RÝNI / HUGLEIÐINGAR

Brosir jurtaval: Sölvi Helgason og William Morris	38–40
Saga listasafna á Íslandi	24–25
Safn í húsi danskra herra	46–48
130 verk úr safneign Listasafns Íslands	28–29
Vatnið í náttúru Íslands	41–42
Hversdagslega einstakir Um áhrifamátt safngripa – Smámunasafn Sverris Hermannssonar	43–45

EFNI / GREINAR

Söfn og umhverfi	18, 26, 30
Í þágu almennings: aðgerðir og áskoranir safna í baráttunni gegn loftlagsbreytingum	18–22
Leitin að Lata Brún – hinum íslenska Gustaf Wasa	10–13
Farskóli safnmanna 30 ára	14–17
Þegar of miklu hefur verið safnað	34–37
Ný skilgreining ICOM: Hvað er safn?	5–9

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Inga Lára Baldvinsdóttir
Ritstjórn Ágústa Kristófersdóttir,
Ingunn Jónsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir,
Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Hönnun Ármann Agnarsson, Helgi Páll Melsted
Kápa Safngripir í Smámunasafninu.
Ljósmynd Sigrún Kristjánsdóttir
Prentun Prentmet
ISSN-2298-6944

Söfn sem menningar- miðstöðvar: Framtíð hefða



Á myndinni má sjá stóran hluta þeirra 24 íslenskra meðlima ICOM sem sóttu alþjóðaráðstefnu safna í Kyoto í Japan dagana 1-7 september 2019.

Á 25. alheimsráðstefnu ICOM í Kyoto var ég ein 4.200 þátttakenda sem komu frá 118 þjóðum. Yfirskriftin var *Söfn sem menningarmiðstöðvar: Framtíð hefða*. Við hátíðlega opnun fluttu japanskir mektarmenn ávörp svo sem hans hágöfgi Akishino erfðaprins Japans, sem var viðstaddur ásamt sinni frú. Ráðherra mennta, menningarmála, íþróttá, vísinda og tæknimála og fleiri úr ríkisstórn Japans, héraðsstjóri Kyoto og bæjarstjórinn fluttu líka ávörp. Af 11 ávörpum voru 10 úr munni karla, en Suay Askoy forseti ICOM er kona sem veldur verkefninu vel! Einnig fluttu munkar ritúal og fluttur var hluti úr hefðbundnu Noah leikhúsi – þar sem hefð er fyrir því að allir leikarar og hljóðfæraleikarar séu karlar. Aðal ræðumenn ráðstefnunnar voru japanski arkitektinn Kengo Kuma, brasilíski ljósmyndarinn Sebastiao Salgado og kínverski listamaðurinn Cai Guo-Qiang. Erindi þeirra voru mjög áhugaverð en karllæg slagsíða engu að síður.

Þó sjálfbærni væri gert hátt undir höfði þá var það tillagan að nýrri safna skilgreiningu sem varð heitasta umræðuefnið og hart deilt. Málamiðlunartillaga um að fresta afgreiðslunni til næsta alsherjarþings í París að ári gaf ráðstefnuslitunum friðsamlegra yfirbragð, en það er mikilvægt að umræðan og afgreiðslan fjari ekki út. Margt annað áhugavert

var líka í boði. Sjálf sótti ég einkum fyrirlestra um kynningarmál, fræðslu og miðlun og tók líka þátt í vinnustofu um sjálfbærni. Á kvöldin var boðið upp á margvíslegar heim-sóknir í menningarstofnanir. Þar og á ráðstefnunni þurfti maður að temja sér ákveðna auðmýkt gagnvart biðröðum og minimalisma í fæðu og drykk. Gestrisni Japananna var lofsverð, þeir kurteisir með afbrigðum og einstaklega nettir andspænis umfangi (í margs konar skilningi) okkar Vesturlandabúa.

Einn dagur fór í margvíslegar skoðunarferðir sem hægt var að velja úr, hálfan eða heilan dag. Ég valdi ferð til Osaka þar sem farið var í tvö hæstu háhýsin sem hvort um sig hýsir listasafn. Fyrri byggingin, Umeda Sky, er tveir turnar sem sameinast í umfangsmiklum útsýnishring, 173 m frá jörðu (Hallgrímsturn x 2,3). Á 27. hæð er Koji Kinutani Tenku listasafnið og þar tók listamaðurinn sjálfur á móti okkur. Hann stundaði framhaldsnám á Ítalíu og í verkum hans má sjá aust-ræn og vestræn áhrif og hann vinnur með þjóðleg minni í lifandi nútíð og verk hans eru litrík. Hann var fenginn til þess að gera plakát ráðstefnunnar, en sérstaða safnsins felst einkum í 3D kvikmynd af verkum hans. Harukas 300 heitir hitt háhýsið sem við heim-sóttum. Þar fengum við að fara út á þyrlopall efst á byggingunni í 300 m hæð frá jörðu (4 x Hallgrímsturn).

Abeno Harukas listasafnið var á 30. hæð og þar eru settar upp sýningar á alþjóðlegri nútíma- og samtíma-list, austrænni sem vestrænni og sáum við sýningu á konumyndum Gustave Moreau, bæði teikningum og málverkum.

Ráðstefnuna sóttu rúmleg 20 íslendingar og flest okkar bjuggu á hinu heimilislega japanska hóteli KUU. Veðrið og hlaup á milli staða og fyrirlestra bauð upp á endalausa svitakúra og þá var notalegt að tipla um á inniskóm og japönskum heimilisfatnaði í boði hótelsins og slaka á í heitu og/eða köldu almenningssvæði að þeirra sið.



Inga Jónsdóttir,
safnstjóri Listasafns Árnesinga

Hvað er safn?

Í júlímánuði 2019 birti alþjóðaráð safna, ICOM, nýja skilgreiningu á safni. Um ferlið má m.a. lesa í nýlegri útgáfu ICOM af Museum International: The Museum Definition – the Backbone of Museums.

Frá birtingu nýju skilgreiningarinnar hafa verið um hana skiptar skoðanir og á aðalráðstefnu ICOM í Kyoto í september á þessu ári var mikill hiti í umræðum. Snerist umræðan m.a. um ferlið sem leiddi hana af sér, um orðalagið, um áhrif skilgreiningarinnar á lagaumhverfi landa heimsins, um hvort umræðurnar leiddu af sér einingu eða sundrung innan ICOM.

Þegar kom að kosningu kjörinna fulltrúa landsdeilda og alþjóðanefnda um nýju skilgreininguna, varð niðurstaðan að fresta atkvæðagreiðslunni. Stefnt er að því að fulltrúarnir kjósi að ári. Þangað til er ætlunin að halda áfram vinnu við nýja skilgreiningu og er starfshópnum sem hóf störf árið 2017 ætlað að halda áfram þeirri vinnu í samvinnu við allar nefndir ICOM.

Kvistur fékk nokkra sérfræðinga á sviði safna til að tjá sig um innihald nýju skilgreiningarinnar út frá eftirfarandi spurningum.

1. Nýja skilgreiningin var sett saman til að lýsa safni 21. aldarinnar. Hún átti að innihalda ólík sjónarhorn heimshlutanna, ávarpa félagslegt

ójafnrétti og yfirstandandi loftslagskrísu. Hún aðgreinir sig frá núverandi skilgreiningu frá 2007, sem hefur staðið að mestu leyti óbreytt í 50 ár. Í samhengi loftslagskrísunnar hefur núverandi skilgreining m.a. verið gagnrýnd fyrir aðgreiningu manns og náttúru og fyrir að leggja of mikla áherslu á hefðbundin söfn sem leggja höfuðáherslu á safnkostinn.

a. Hvernig finnst þér nýja skilgreiningin sem lögð var fram í júlí 2019 henta safni 21. aldar?

b. Hvaða nýju kröfur eru hér gerðar til starfseminnar, til starfsmanna og eigenda safna?

2. Í nýju skilgreiningunni eiga söfn að bera kennsl á og hafa til umfjöllunar ágreiningsmál og áskoranir í nútímasamfélaginu. Þau eiga enn fremur að tryggja jafnrétti og jafnt aðgengi að arfleifðinni fyrir alla.

a. Telur þú að (íslensk) söfn eigi að stíga ákveðnar fram í málefnum sem brenna á fólki í samtímanum eins og yfirstandandi loftslagskrísu?

b. Er hætt á að söfn tapi langtíma rannsóknar- og varðveisluhlutverki sínu ef þau einbeita sér að þeim málefnum sem eru efst á baugi og því að veita jafnt aðgengi að arfleifðinni?



Hugues de Varine

1.a. Mér finnst þetta ekki vera skilgreining, heldur stefnuyfirlýsing. Hún lýsir því sem söfn ættu að vera, eða verða, ekki því sem flest þeirra eru. Ef slík „skilgreining“ væri tekin upp og henni beitt á starfandi söfn, teldust fæst þeirra vera söfn.

Orðalagið á þremur opinberum tungumálum ICOM er vafasamt, það er óljóst og fræðimannslegt. Það veldur huglægri túlkun í þýðingu yfir á fjölmörg tungumál safnastarfsmanna og í lögum þjóðríkjanna.

Núverandi skilgreining er stutt, einföld, auðveldlega þýdd og aðlöguð að öllum tungumálum. Hún hefur þegar verið endurskoðuð nokkrum sinnum. Hún gæti auðveldlega verið bætt með því að skipta út orðum eða bæta nýjum við. Hún lýsir safninu sem stofnun réttilega, óháð markmiðum þess og verkefnum sem eru breytileg á milli safna og háð staðbundnum aðstæðum.

Skilgreiningin hamlar ekki safni að aðlaga stefnurnar, starfsemina eða fræðsludagskrána að þörfum nærsamfélagsins. Sú staðreynd að stærstu söfn heimsins þjóni ferðamannaiðnaðinum og elítunni er ekki tilkomin vegna ICOM skilgreiningarinnar, heldur vegna ákvarðanna stjórnmalamanna og safnastarfsmanna. Þetta hefur ekkert með safnaskilgreininguna að gera, hún er hlutlaus og gerir alla valkosti, góða eða slæma, mögulega.

Ég dáist að fólki sem finnst það geta skilgreint safn „fyrir 21 öldina“ á tveimur fyrstu áratugum þessarar aldar og sér fyrir sér stofnun sem mun þjóna fólki, segjum eftir fimmtíu ár. Heimurinn breytist svo hratt að hvert og eitt safn þarf annað hvort að aðlagast nýjum aðstæðum og nýjum samfélagslegum þörfum – óháð hvaða skilgreiningu sem er – eða deyja (sem gerist í mörgum löndum, söfn hverfa af sjónarsviðinu því þau koma ekki lengur að gagni).

1.b. Þrátt fyrir að vera illa skrifuð, þá nær nýja tillaga ICOM að orða sumar af mikilvægustu áskorunum samtímans. Hún gæti verið lesin með öfugum formerkjum sem upptalning á því sem flest söfn gera ekki; þau nota ekki safneignina og þá vísindalegu þekkingu sem aflað er innan þeirra, tungumál sýninganna, rýmið sem þau hafa til ráðstöfunar og umgjörðina til að þjóna nærumhverfinu. Í staðinn þá þjóna sum þeirra starfsframa safnstjórans og sérfræðinganna, önnur sjá um að koma stjórn-málamönnum áfram, eða draga vagn ferðamálaíðnaðarins. Auðvitað sinna þau rannsóknarstarfi, fræðslustarfi og hafa menningaráform en þessi atriði eru ákvörðuð af starfsfólkinu og eru á þeirra forsendum. Án þess að ráðfæra sig eða taka með í reikninginn þarfir, menningu og tungumál eðlilegra viðtakenda, sem er samfélagið umhverfis safnið.

Safnið er hlekkur í neti vísindalegra-, menningarlegra-, og fræðslustofnanna sem gegna hlutverki, þau ættu að vinna saman að velferð og þróun samfélagsins: Háskólar, skólar, bókasöfn, skjalasöfn – allar gerðir samfélagslegra stofnana deila ábyrgð í notkun, varðveislu og fræðslu um arfleifðina. Þar er ekkert nýtt á ferðinni en ef söfn ná ekki markmiðum sínum, þá ættum við ekki að breyta skilgreiningu þeirra, heldur starfsemiinni á þá leið að þau þjóni á skilvirknan hátt samfélaginu sem þau tilheyra.

2.a. Ég myndi ekki orða það svona, heldur er það þannig að söfn standa frammi fyrir róttækum valmöguleikum.

Þau geta ákveðið að þjóna smekk og væntingum þeirrar mergðar ferðamanna sem ferðast frá einu safni til annars og fámenns hóps menntaðra og menningarlegra gesta; þetta á við um flest stærstu söfnin sem eiga dýrmætasta safnkostinn og mestu peningana til að eignast einstök listaverk og útbúa risastórar sýningar. Það er þetta sem í nýlegri grein í Time var kallað „íðnaður“. Hér hefur valið þegar átt sér stað og það mun ekki breytast á næstunni. Nýja tillaga ICOM og fylgjendur hennar munu ekki breyta því. Eða:

Þau geta ákveðið að breyta aðferðum sínum, dagskránni og aðlagð tungumálið nærsamfélaginu, m.ö.o. þau geta sett það efst á dagskrá að þjóna samfélaginu eins og það leggur sig, eftir getu, og með því orðið fulltrúar alheimsarfleifðar þessa samfélags. Þetta er háð þremur tengdum þáttum, skilningi og eldmóði starfsfólks, samkomulagi og stuðningi fjármála-valdsins og valdhafa í stjórnámum, virkri þátttöku einstaklinganna í samfélaginu sem um ræðir, hér ekki aðeins í hlutverki neytenda heldur samstarfsmanna.

Seinni kosturinn á við um stærstan hlut safna, sem eru lítil og fátæk og sjaldan heimsótt af ferðamönnum. Þau eru stundum einu menningarstofnanir samfélagsins. Ef og þegar þau setja samfélagsleg verkefni á dagskrá, þá munu þau sjálfkrafa fjalla um mál sem eru mikilvæg fólki. Þau miðla þeim til fólksins, í safninu eða það sem betra er, utan safnveggjanna, framsett á skýran og aðgengilegan hátt.

Það eru mörg góð dæmi um slíka ferla, í fjöldamörgum löndum, stórum og lítlum, ríkum og fátækum. Ítölsk vistsöfn (en. Ecomuseums), Mexíkósk samfélagssöfn, Brasilísk frumbyggjasöfn,

Vestur-Afrískir menningarbankar (en. Culture Banks) hafa sannað að það virkar, þrátt fyrir mikið erfiði, enda eru þau ekki alltaf álitin alvöru söfn.

2.b. Rannsóknir verða alltaf skylda safna, en á nýjan máta. Rannsókn ætti að vinna jafnt meðal þeirra lærðu og þeirra sem vita. Þau lærðu eru fræðimenn sem nýta sér eigin rannsóknarbakgrunn á arfleifðina í folti og í rannsóknarstofunni, á meðan þau sem vita eru einstaklingar í samfélaginu, raunverulegir eigendur arfleifðarinnar sem búa yfir styrkri þekkingu, bæði sinni eigin og þeirri sem er sameiginleg, á hlutum, landslagi, hefðum, andlegri sannfæringu, og ættu að koma til greina sem meðhöfundar hvernar rannsóknar, sýningar og útgáfu sem eru tengdar arfleifðinni þeirra.

Varðveisla hefur tvær ólíkar merkingar hérna. Annars vegar er það varðveisla safnkosts, sem verður að vera tryggð, að minnsta kosti eins lengi og safnkosturinn er mikilvægur og hefur gildi. Á hinn bóginn, er varðveisla lifandi arfleifðar sem felst í að virða merkingu og sum af helstu einkennum hlutarins, líka ef notkun hans hefur breyst og honum umbreytt til að gegna nýju hlutverki. Varðveisla gæti í sumum tilfellum kallað á varðveisluminninga um arfleifð á ljósmyndum eða með annari tækni, þegar upprunalegi hluturinn eða hefðin er horfin.

Samtímamálefni þarf alltaf að tengja arfleifðinni. Samfelli í náttúru og menningu þarf til að útskýra og gera samhengið skiljanlegt í því sem gerist í dag og á morgun. Vistsöfn sem eru tileinkuð þátttöku nærsamfélaganna, þróun þeirra og sjálfbærri framtíð, nota fortíðina, minningarnar, arfleifðina í hlutum og hefðum sem frjóan jarðveg, til að rækta framtíðina.

Hugues de Varine er fyrrum formaður ICOM (1965–1974) og ráðgjafi á sviði staðbundinnar samfélagsþróunar, með áherslu á vistsafnafræði og samfélagslega safnafræði (1990–2013).



Hilmar J. Malmquist

1.a. Ég tel að nýja skilgreiningin bæti fremur litlu við fyrir starfsemi safna 21. aldar miðað við gildandi skilgreiningu. Sumt í nýju skilgreiningunni er góð viðbót, einkum atriði sem snúa að samfélagslegri ábyrgð og umhverfismálum. Nýja skilgreiningin er hins vegar mun lengri en sú fyrri og flóknari og álitamál hvort hægt sé að kalla þetta skilgreiningu, fremur yfirlýsingu um stefnu og gildi. Ég er einnig ósáttur við það hvernig nýju viðbæturnar eru orðaðar, t.d. varðandi umhverfismálin þar sem segir á ensku efnislega að: museums contribute to planetary wellbeing. Þetta er að mínu mati of veikt og óljóst orðað. Nær hefði verið að lýsa yfir að söfn stuðli með starfsemi sinni að auknum skilningi á menningu, náttúru og umhverfi og tengslum þar á milli og takist á við ógnir og aðkallandi vandamál sem snerta mannkyn og náttúru, þ. á m. hlýnun jarðar vegna loftslagsbreytinga, plastmengun o.fl.

Þá er ég mjög ósáttur við íslensku þýðinguna á nýju skilgreiningunni, sem er allt of hástemmd og tyrfin. Orðanotkun þar er undarleg og óskiljanleg á köflum, samanber

„Söfn eru fjölradda, innigildandi rými“ og síðar „Söfn viðurkenna og ávarpa átök og áskoranir“. Hér þarf að vanda betur til íslenskrar tungu þannig að lesandinn skilji með auðveldum hætti hvað átt er við.

1.b. Nýju kröfurnar lúta einkum að því að starfsemi safna skuli beinast í meira mæli en áður að samfélagslegum þáttum líðandi stundar – að söfn verði virkari þátttakendur í og standi vörð um þætti á borð við menningarlega fjölbreytni og jafnrétti hvers konar, sem er tvímælalaust af hinu góða. Ég tel að líta beri á söfn sem lýðræðislegar þjónustustofnanir, grunnstöðir í mennta- og upplýsingakerfi þjóða í þágu almennings. Söfn búa yfir mannaúði og faglegri þekkingu sem má að mínu viti nýta betur til að taka þátt í samfélags- og þjóðmálar-umræðunni.

2.a. Ég tel að söfn hér á landi geti og eigi almennt að hafa sig í frammi þegar um er að ræða umfangsmikil og/eða þýðingarmikil málefni sem snerta almannahag, svo sem hnatt-rænar áskoranir á borð við hlýnun jarðar, plastmengun í höfunum, eyðingu búsvæða og rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika. Þetta eru málefni sem Náttúruminjasafn Íslands vinnur með og þekkir til. Þetta gildir einnig um staðbundin málefni og ágætt dæmi um það er ágreiningur hér á landi um hvalveiðar. Áskoranir af þessu tagi eru þess eðlis að söfn á öðrum sviðum geta einnig unnið með þær út frá sínum sjónarhóli og sérþekkingu. Þátttaka safna í þessu samhengi felst þá í því að halda til haga gögnum og upplýsingum sem hvíla á faglegum, vísindalegum grunni, sem og að gæta að jafnræði og kynna til sögunnar ólík sjónarmið og skoðanir.

2.b. Það held ég ekki. Þetta helst í hendur, þ.e.a.s. að virk þátttaka og framlag í mikilvægum samfélagslegum málum er afleiðing

og grundvallast bæði á öflugri og vandaðri rannsókn- og safnastarfsemi, þ.m.t. varðveislu á munum og vitnisburði. Opíð aðgengi að menningar- og náttúruarfinum er einnig snar þáttur í því að halda starfsemi safna virkri. Hætt er við að safn sem hefur ekki bolmagn til rannsókna og akademískrar vinnubragða hafi ekki mikið til málanna að leggja sem hægt er að reiða sig á. Á hinn bóginn geta þau og eiga ekki að sinna öllum málum sem eru efst á baugi hverju sinni. Þátttakan veltur m.a. á eðli og gerð málsins sem um ræðir og tengslum við sérsvið safnanna.

Hilmar J. Malmquist
er forstöðumaður
Náttúruminjasafns Íslands

Núverandi skilgreining:

Safn er varanleg stofnun opin almenningi, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni heldur í þágu þjóðfélags og framþróunar og hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum sem snerta manninn og umhverfi hans, standa vörð um þær, rannsaka þær, miðla upplýsingum um þær og hafa þær til sýnis, svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.



Guðrún D. Whitehead

Í nýrri skilgreiningu liggur enginn vafi á þeirri kröfu að söfn taki virkan þátt í samfélagslegum málefnum líðandi stundar. Það, í sjálfu sér, er ekki nýtt af nálinni. Söfn eiga að stuðla að jafnrétti, réttlæti, meðvitund um náttúruvernd, loftlagsmál og fleira. Með nýrri skilgreiningu fá þær stofnanir sem þegar vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði formlegan stuðning alþjóðlegra samtaka. Það er mikilvægt skref. Ný skilgreining gæti í framtíðinni haft áhrif á safnalög, styrkveitingar og almennan stuðning samfélagsins. Safnamenn framtíðar munu mótast af þeirri skilgreiningu sem við samþykkjum í dag.

Eldri skilgreiningin náði ekki lengur utan um það yfirgripsmikla hlutverk sem söfnum er ætlað, á því liggur enginn vafi. Vissulega er sýnt fram á kröfur sem mörg söfn standa

frammi fyrir, en fá etv ekki nægan stuðning til þess að sinna. Auk þess er hér vilji til þess að fá hefðbundin söfn til þess að stígi fram úr skugga „hlutleysis“ og nýta traust almennings á uppbyggilegan og virkan hátt samfélaginu til bata. Hvorutveggja fagna ég sem eðlilegri þróun í safnastarfi.

Ég viðurkenni þó að ég er líka full efasemda. Í fyrsta lagi tel ég mál-farið vera óþarflega torskilið og hástemmt. Það er mikilvægt að skilgreiningin sé aðgengileg, því það er lykillinn að stuðningi almennings og ráðamanna. Að mínu mati, á skilgreining að gera hugtök auðskiljanleg, frekar en að krefast enn lengri útskýringar á merkingu einstakra orða og hugtaka.

Í öðru lagi er töluvert fáum söfnum mögulegt að fylgja eftir öllu því sem fram kemur í skilgreiningunni. Ég öfunda ekki starfsmann byggðasafns í 50% starfshlutfalli að þurfa að safna, varðveita, skrásetja, fræða og forverja safnkost og þurfa svo í ofanálag að standa vörð um jafnrétti og loftlagsmál í sínu sveitafélagi. Það er erfitt að standa vörð um mannlega reisn á safni sem berst fyrir því að halda dyrum safnsins opnum. Í raun má kalla þetta ádeilu frekar en skilgreiningu, því hér er öllum söfnum ætlað að vinna að sama takmarki: Bjarga heiminum. Hér tel ég söfnum settur of þröngur rammi; söfn eiga að geta vakið innblástur, verið falleg, fræðandi, fyndin eða skelfileg. Að vera virk þýðir nefnilega ekki endilega að vera pólitísk, einfaldlega að sækjast ekki eftir hlutleysi (sem fræðin kenna okkur að sé ekki til) og taka ábyrgð á þeim tilgangi sem söfn kjósa sér; hvort sem það sé að breyta heiminum eða skemmta ungum börnum í sumarfríi.

Eins og svar mitt gefur til kynna er ég á báðum áttum með nýja skilgreiningu ICOM. Ég sé bæði kosti og galla, vandamál og tækifæri. Það eru sterk skilaboð að gera söfn ábyrg fyrir því að standa vörð, ekki einungis um fortíð, heldur framtíð mannkynsins. Söfn eru ekki hlutlaus rými, né eiga þau að sækjast eftir því. Þau eru tilvalin fyrir málefnalegar og lýðræðislegar umræður um erfið málefni líðandi stundar. Það er margvíslegt sem við getum lært af fortíðinni, minjum, list og náttúrunni. Efasemdir mínar liggja í því að ég tel það ekki eina tilgang safna. Söfn eru nefnilega kjörinn staður fyrir töluvert ólíka starfsemi.

Guðrún D. Whitehead er lektor í safnafræði við Háskóla Íslands
gudrunwhitehead.wordpress.com

Íslensk þýðing á nýju skilgreiningunni:

Söfn eru fjölradda, inngildandi rými sem efla lýðræði og þjóna sem vettvangur fyrir gagnrýna umræðu um fortíð og framtíð. Söfn viðurkenna og ávarpa átök og áskoranir samtímans með því að varðveita muni og sýnishorn fyrir samfélagið, gæta fjölbreyttra minninga fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnrétti og jafnt aðgengi alls fólks að menningararfi.

Söfn eru ekki starfrækt í hagnaðarskyni. Þau eru þátttökumiðuð og gagnsæ og vinna virkt með og fyrir fjölbreytt samfélag að því að safna, varðveita, rannsaka, túlka, sýna og auka skilning á heiminum. Þau hafa það að markmiði að stuðla að mannlegri reisn og félagslegu réttlæti, jafnrétti á heimsvísu og hnattrænni velferð.



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

1.a. Fyrst þarf líklega að spyrja hvers vegna skilgreiningin er til og hvers vegna við höfum Alþjóðaráð safna sem er borið uppi af 40.000 safnmönnum í 141 þjóðlöndum og landssvæðum? Svarið er auðvitað að söfn sýsla með mikilvægar heimildir sem varða sögu heimsins og sjálfsmynd mannkyns. Þær vill alþjóðasamfélagið verja gegn misnotkun, vanrækslu og eyðingu. Krafturinn, fagvitundin og samtakamátturinn sem býr í skilgreiningunni og í siðareglum Alþjóðaráðsins eru slík að við sem þjóð höfum valið að byggja á þeim okkar safnalög. Hitinn í umræðum sýnir líka vel hversu mikilvæg skilgreiningin er söfnum. Hún er notuð þegar talað er fyrir samfélagslegu mikilvægi stofnananna, óskað eftir auknu fjármagni og auðvitað til að standa gegn breytingum eða réttlæta (svarta) sögu evrópskra safna. Óneitanlega er vestrænn bragur bæði á nýju skilgreiningunni og undirliggjandi hugmynd um hlutverk safna 21. aldarinnar. Þannig að já, nýja skilgreiningin talar inn í vestrænan veruleika og hentar vel evrópskum söfnum 21. aldarinnar en ekki endilega söfnum 21. aldarinnar í öðrum heimsálfum.

1.b. Nýja skilgreiningin er afar heillandi. Hún lyftir andanum, breytir sjónarhorninu og gerir þá kröfu að safnið, starfsmenn þess og eigendur líti á safnið sem verkfæri til þess að hafa áhrif á og móta samfélagið. Hún gerir kröfur á að söfnin lyfti fram ólíkum hópum og veki athygli á fjölbreytileika mannlegs samfélags. Líka ljótleikanum og öðru óþægilegu sem einkennir samfélög manna og dýra og okkur hættir til að sópa undir teppið með einföldum frásögnum og steríótýpum. Nýja skilgreiningin kann að virka pólitísk en á við um þá hugmynd að safn sé hlutlaus vettvangur fyrir fræðslu þar sem öllum á að líða vel, engan má styggja og gildishlaðin orð eru bönnuð. Slíkt miðjumóð er pólitískt í sjálfu sér. Ætli megi ekki segja að ef vel eigi að takast til þá þurfi eigendur safnanna að hvetja, starfsmenn að þora og gestirnir að treysta og að grundvöllur starfseminnar þurfi enn frekar en áður að byggja á góðum rannsóknum og almennt viðurkenndum siðareglum.

2.a. Ekki spurning. Allt samfélagið þarf að leggjast á eitt og auðvelt er að sjá hverju söfnin geta áorkað þegar kemur að því að vísa veginn fram á við.

2.b. Það tel ég ólíklegt. Ég skil nýju skilgreininguna þannig að söfnum verði ætlað að útvíkka það sjónarhorn sem í dag er viðhaft á sögu heimsins, samtíma og framtíð. Það þýðir ekki að við hættum að safna, skrá og rannsaka heldur að safneignin, fræðslan og miðlunin byggji á stærri hluta samfélagsins en í dag og eigi þar með enn meira erindi við samfélagið og nánari tengsl við rannsóknir fræðimanna innan og utan safnanna.

Í nýju skilgreiningunni er grunnhlutverk safna, að varðveita minjarfinn í þágu samfélagsins ágætlega skilgreint. Að því sögðu þá tel ég afar mikilvægt að við höldum áfram því samtali sem nú er hafið við að leita uppi og þetta mögulegar glufur í nýju skilgreiningunni. Hún þarf að geta stutt við ólík söfn í ólíkum samfélögum heimsins og því þarf að tryggja að sá grunnur sem núverandi skilgreining skapar söfnum heimsins tapist ekki. Til dæmis tek ég undir með þeim sem sakna þess að í skilgreiningunni sé sagt skýrt að söfn séu varanlegar stofnanir og að fræðsla sé eitt af grunnhlutverkum safna.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir er MA í safnafræði og sagnfræði og starfar sem framkvæmdastjóri Reykjavíkur-Akademíunnar

Ingunn Jónsdóttir, safnafræðingur og Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar

Leitin að Lata-Brún hinum „Íslenska Gústav Vasa“

Frá því að fyrst var farið að undirbúa stofnun minjasafns um sögu Siglufjarðar var þáttur fiskveiða og fiskvinnslu þar efst á blaði. Þar var það hákarlinn og síldin sem menn litu fyrst og fremst til því staðurinn hafði um langt skeið verið “miðstöð hákarlaveiða” og síðar “höfuðborg síldarinnar.”

Árið 1977 var Frosti F. Jóhannsson, þjóðháttarafræðingur ráðinn til þess að stýra söfnun og skipuleggja fyrirhugaðar framkvæmdir. Mikill hugur var greinilega í stjórn bygðasafnsins ef marka má fundargerð hennar 18. júlí 1977. Athygli vekur að Þór Magnússon, þjóðminjavörður sat fundinn og mjög skýrar tillögur voru bókaðar um friðun húsa og varðveislu báta og greinilegt að markmiðin um allsherjar minjasafn voru orðin vel mótuð. Þar var um að ræða byggðasögusafn, síldarminjasafn og jafnvel sjóminjasafn Norðurlands. Í fimmta lið fundargerðar segir svo um minjar hákarlatímans:

a) Að unnið verði að því að kanna hvort mögulegt sé að ná upp úr höfninni hákarlaskipinu Latabrún (þilskip) og lagfæra það eða smíða eftir því annað hákarlaskip.

b) Kanna möguleika á því að láta smíða opið hákarlaskip. Ljóst er að hákarlatíminn hefur átt að skipa veglegan sess í komandi safni. En hinar stórhuga áætlanir um safnið sigldu hins vegar í strand og Frosti F. Jóhannsson lét af störfum árið 1980. Níu ár liðu og í október 1989 gekk sá sem þetta ritar sem formaður hins nýstofnaða *Félags áhugamanna um minjasafn* á fund Þórs Magnússonar, þjóðminjavarðar. Erindið var að kynna honum nýjar áætlanir um minjasafn á Siglufirði. Það fyrsta sem Þór nefndi í samtali okkar var þilskipið Hjalti SI 12 sem hafði verið eyðilagður um 1980. “Mikið óskaplegt var að missa Hjalta.” - sagði hann og afhenti mér ljósmynd sem hann hafði tekið af bátinum.

Því næst töluðum við um húsin sem friðuð höfðu verið, um gripi sem safnað hafði verið í tíð Frosta og þá möguleika sem enn væru í stöðunni um uppbyggingu viðeigandi safns. Þessu næst dró þjóðminjavörður fram bréf sem hann hafði skrifað til Frosta 20. júlí 1977.

“Bestu þakkir fyrir síðast á Siglufirði og hafðu mikinn heiður fyrir, hve vel þér hefur tekizt að espa heimamenn upp í varðveizlumálum. Nú þarf bara að kynda undir kötlunum framvegis.

Þegar við flugum upp í loftið á Siglufirði horfði ég niður á höfnina og það bar ekki á öðru: Það liggja tvö skip á botninum framundan uppfyllingunni syðst í höfninni. [...] Annað skipið liggur þversum fyrir uppfyllingaroddanum, hitt langsum rétt fyrir innan. En hvort þeirra er Lati-Brúnn?

Nú er bara að hvetja leitarmenn og rannsaka aðstæður. Þarna kemur nýtt Vasa og kannske byrjunin á “registrering av Isländska skeppsvrak”. - Það þyrfti að róa þarna út í logni, hafa “polaroid” gleraugu og rýna niður í sjóinn. Þá hljóta flökin að sjást ...”

Þegar heim var komið hóf ég að grafast fyrir um það hvort Lati-Brúnn væri til í raun og veru og hvar hann þá leyndist. Fyrst las ég það besta sem um siglfrisku hákarlaskipin hefur verið skrifað og finna má í 3. bindi *Frá Hvanndöllum til Úlfsdala* eftir Sigurjón Sigtryggsson. Einnig



Hjalte SI 12, smíðaður 1916 og bar skýr einkenni gömlu hákarlaskipanna. Ljós. Þ.M.

gluggaði ég talsvert í *Skútuöldina* eftir Gils Guðmundsson. Því næst gerði ég skrá yfir nærri 50 þilskip og skútur sem komu við sögu á Siglufirði. Þá hitti ég að máli nokkra elstu og gleggstu karlana í bænum og fékk hjá þeim upplýsingar um það sem þeir mundu um gömlu hákarlaskipin. Stóra spurningin snerist um Lata-Brún. Jón Oddsson frá Siglunesi (f. 1902) hafði frá mörgu að segja og kvað vísur um Lata-Brún en mundi ekki hvað varð um hann. Aðrir viðmælendur voru Guðmundur Kristjánsson (f. 1902) og Jóhann Sigurðsson (f. 1922), Jörgen Hólm (f. 1899) og Björn Þórðarson (f. 1913). Þeir tveir síðasttöldu sögðust, hvor í sínu lagi, muna það vel þegar Lati-Brúnn sökk í óveðri á þriðja áratugnum (1928?) þar sem hann var bundinn við Svíastaurana svokölluðu.

Þegar hér var komið sögu teiknaði ég inn á hafnarkort þessa staðsetningar Lata-Brúns og annarra skipsflaka á sjávarbotni í firðinum. Þessar athuganir fannst mér afar áhugaverðar og var um skeið mjög heillaður af hákarlatímanum í sögu okkar. En jafnframt skýrðist það æ


betur að minjar og munir tengdir hákarlaveiðunum og hákarlaiðnaðinum voru af mjög skörnum skammti – vægast sagt. En jafnframt varð ég á þessum tíma æ hugfangnari af viðfangsefninu stóra og öllum möguleikunum sem í því voru fólgnir: að byggja upp myndarlegt síldarminjasafn. En Lati-Brúnn átti áfram sinn stað í hugskotinu og skaut þaðan upp á yfirborðið af og til. Eins og að haustlagi einhverntíma nálægt árinu 2000 þegar ég var staddur allhált í hliðum Hafnarfjalls á kyrrum og björtum haustdegi og taldi mig sjá skýrt hvar Lati-Brúnn lá á sjávarbotni eins og Jörgen og Björn höfðu áður lýst. Árið 2007 kom hópur sportkafara að sunnan í samvinnu við Síldarminjasafnið og hóf leit að skipsskrokkum vítt og breitt um Siglufjörð en árangurslaust því mikill þörungablómi í sjónum byrgði alla sýn.

Premur árum síðar fann Erlendur Guðmundsson, kafari frá Akureyri skrokk Lata-Brúns eftir flakakorti safnsins. Þar stóðu slý- og þaragróin rif annarrar síðu skipsins upp úr sandeðjunni.

Líklegt er að sá sem þetta les telji að endanlega sé úr sögunni gamli draumurinn um hinn íslenska Gustav Vasa, og að Lata-Brún verði aldrei náð upp úr höfninni og lagfærður eða smíðað eftir honum annað hákarlaskip.

En - það er öðru nær. Ég innti Erlend kafara eftir því hvort hægt væri að ná skrokknum upp og taldi hann að tæknilega væri því ekkert til fyrirstöðu. Þá sagði ég Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði stuttlega frá Lata-Brún og „draumi-num“ um að ná honum upp og koma honum á safn. Sýndi hún því umtalsverðan áhuga.

Við getum séð fyrir okkur nýreist hús við hlið Slippsins gamla, á þeim stað sem Lati Brúnn var smíðaður 1857, fyrir 162 árum. Þar inni væru varðveittar leifarnar af skrokki hans, einu minjar íslensks þilskips frá 19. öld - og þar yrði sögð saga hákarlaveiða Norðlendinga. Meðan við veltum þessari hugmynd fyrir okkur og könnum möguleika á að hrinda henni í framkvæmd mun hræði af hinu 162 ára gamla þilskipi



Paragróin rif Lata-Brúns. Ljós: Erlendur Guðmundsson

liggja vel varðveitt á sjávarbotni – kannski í 162 ár í viðbót eða jafnvel enn önnur 162 ár! Hver veit?

Þegar hér er komið sögu hlýtur sú spurning að hafa kviknað hjá lesandanum: hvað er svona merkilegt við Lata-Brún? Hvað kom mönnum til að vera með allt þetta tilstand út af illa förnum skipsleifum á sjávarbotni? Og að þjóðminjavörður nefndi hann í sömu andrá og Gústav Vasa, einhverrar almerkustu fornleifabjörgunar í heimi?

Skoðum ögn sögu Lata-Brúns. Hann var smíðaður af Jóhanni Jónssyni Kröjer stórbónda í Höfn og mun vera fyrsta þilskipið sem smíðað var á Siglufirði.

Líklegt má telja að skipið hafi borið merki þess að það var frumsmíði Jóhanns, en elstu heimildir lýsa því sem stuttu og kubbslegu, sterku vel,

lágsgldu og gangtregu – sem „sleði til siglingar“. Af þessu hefur hann vafalaust fengið nafnið - auk sinna brúnu segla og tjöruborna skrokks.


Lengst af var hann skilgreindur sem kúttur eins og flest íslensk þilskip á síðasta tímabili skútualdar. Einkenni kútters voru beint framstefni, lóðstefni. Bugspjótið lágreist. Frammatrið alltaf hærra en afturmatrið og bæði með toppstöng fyrir gaffal-toppsegl. Stórseglið að framan, milli siglutrjána.

Lati-Brúnn gekk til hákarlaveiða til ársins 1910 en eftir að „mótorvél“ var sett í hann var hann eingöngu gerður út til línuveiða og síldveiða með reketum. Gaman væri að reyna að færa rök fyrir því að Lati-Brúnn hafi verið fyrsta siglfirska síldveiðiskipið.

Einhvern tíma eftir 1916 var honum breytt í pramma með fallhamarsbúikka fyrir bryggjusríði og enn síðar var hann notaður til flutninga á slógi og úrgangssíld - þilfarslaus. „... sökk loks í Siglufjarðarhöfn og grófst þar í sand.“

Lati-Brúnn var sem sagt ósköp venjulegt hákarlaskip – líklegast þó öðrum klunnalegri og hægengari. Eitt mikilvægt ber saga hans þó með sér: hann var meira happaskip en flest önnur. Á meðan mörg þeirra urðu ekki langlíf, ýmist fórust með manni og mús eða úrelost, síldist Lati-Brúnn sinn sjó um langan aldur og virðist hafa orðið skipshöfn sinni og eigendum til gæfu. En varla svarar þetta spurningunni um það hvað hafi verið svona merkilegt við þennan „íslenska Vasa“.

Lykilatriðið, kjarnann í þessu máli öllu, er finna í bókinni *Skútuöldinni*



Hákarlaskipið Æskan smíðuð á Siglufirði 1887 – dæmigerður kúttur.

eftir Gils Guðmundsson. Þar segir á blaðsíðu 410, 1. bindi.

“Fyrir nokkrum árum kváðu fáein hákarlaskip hafa staðið uppi á Akureyri. Voru þau orðin fornfáleg nokkuð og talin lítt sjófær lengur, en að öðru leyti með sömu ummerkjum og meðan þau gegndu miklum hlutverkum í önn dagsins. Þarna stóðu þau, áþreifanleg mynd horfins tíma, - sögulegar minjar, sem ekki áttu að glatast. Meðal skipa þessara var Hríseyjan, er sýndi vel gerð og ásýnd hinna gömlu skipa. Hefði átt vel við að bjarga henni frá tortímingu, búa hana að seglum og reiða, færa þangað veiðarfæri og aðrar sjóminjar, sem heyra til hákarlatímunnar. Síðan hefði átt að slá byrgi yfir skipið og geyma framtíðinni. Þetta þurfti ekki að kosta stórvægilegt fé, hefði það verið gert í tæka tíð. Því miður mun það nú um seinan.”

Aldarþriðjungi eftir að þetta var skrifað var fyrst farið að huga að varðveislu hákarlaskips – sem sagt á

„sjóminjasafni Norðurlands“ á Siglufirði. Og hvað var þá til ráða? Ekkert slíkt skip var lengur til og leita varð að mögulegum leifum þess á sjávarbotni eins og fyrr greinir. Kjarni málsins er sem sagt þessi: þegar við horfum til varðveislu íslenskra þilskipa 19. aldar þá blasir það við að sá þáttur í þjóðminjavörslunni var algerlega vanræktur. Hér skal ekki fjölyrt frekar um þá sorgarsögu. En til að slá botninn í þessa frásögn þá er niðurstaðan sú að Lati-Brúnn er fyrst og fremst merki- legur í dag vegna þess að við vitum hvar hann bar beinin – og að þau gætu verið einu leifar alíslensks 19. aldar þilskipis sem mætti varðveita.

Lata- stýrir Bessi Brún,
bestur sértu formaður.
Voðir býr á hæsta hún,
hrufótt líður fram um tún.

Skrifað á vordögum 2017

Heimildir:

Gils Guðmundsson: Skútuöldin Reykjavík 1944, 1. bindi bls. 410.
Sigurjón Sigtryggsson: Frá Hvanndölum til Úlfsdala, Reykjavík 1988. 3. bindi bls. 968-970.
Bréf Þórs Magnússonar 1977.
Hljóðritað viðtal við Jón Oddsson 1991
Athuganir Ö.K. 1989-91.

Örlygur Kristinnsson, fyrrverandi safnstjóri Sýldarminjasafnsins

Góðri hugmynd hrint í framkvæmd



Í fyrsta Farskólanum á Skógum 1989. Júlíana Gottskálksdóttir, Ragnhildur Vigfúsdóttir og Mjöll Snæsdóttir. Ljósmyndari Hrefna Róbertsdóttir.

Farskóli safnmanna þrítugur

Það er óneitanlega gaman að fylgjast með velgengni Farskóla safnmanna og einstaka sinnum ber ég mér á brjóst og nefni hann sem dæmi um það sem ég hef áorðað á starfsferlinum.

Friðjón Guðröðarson sýslumaður varpaði fram þeirri hugmynd á haustfundi byggðasafna sem haldinn var í Þjóðminjasafninu árið 1988 að námskeið yrði haldið fyrir starfsmenn safna í Skógum að vori. Ég var þá nýkomin heim frá New York með MA í sagnfræði og tvö diplómu, annað í “public” sögu og hitt í safnfræðum og nýráðin sem kennari í þjóðháttafræði við Skóga-skóla og átti auk þess að aðstoða Þórð Tómasson við að koma út Sögu íslenskra búnaðarhátta. Hvorugt þeirra verkefna fer á afrekaskrána. Ég fékk fyrrum samstarfskonur úr Árbæjarsafni Kristínu Jónasdóttur og Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur til liðs við mig. Guðný Gerður var nýkomin heim frá Toronto með sinn master og tekin við safninu á Akureyri og lagði til nafnið. Eftir stífa fundi, mörg símtöl og bréfaskriftir milli landshluta sendum við út drög að dagskrá fyrsta farskólans sem byggðist á jafningafræðslu því þekkingin

þjó jú í hópnum og hana vildum við virkja. Þetta var fyrir tíma safnafræði við HÍ og veruleiki safnmanna úti á landi sá að flestir voru einyrkjar og komust varla yfir allt sem gera þurfti. Hugsun okkar var sú að í Farskólanum gæfist færi á að deila þekkingu og vinna saman að ákveðnum verkum sem erfiðara væri að gera einn. Skólinn færi um landið og nýttist gestgjafanum sem fengi aðstoð við verkefni sem hann gæti ekki unnið einn (eða yrði svo lengi að og dræpist jafnvel úr leiðindum áður en verkinu lyki). Við Guðný höfðum kynnst Safnavíkunni í Svíþjóð og ég sótt ráðstefnu á vegum bandarískra safnmanna þar sem ég tók sérstaklega eftir því hve starfsmenn listasafna voru vel til fara meðan starfsmenn minja- og náttúrugripasafna voru eins og dregnir uppúr haug; gætir þessa í Farskólanum nú þegar starfsmenn allra safna sækja hann?

Metnaður okkar reyndist of mikill og safnapólitískt nef okkar ekkert og því urðum við að fresta skólanum, breyta dagskránni og sníða okkur stakk eftir vexti. Frestunin var til góðs, við fengum betri tíma til að íhuga grundvöllinn og skerpa á hugmyndinni. Skólinn var haldinn um

haustið í samstarfi við Félag íslenskra safnmanna, tveir dagar í stað viku, fjörutíu safnmenn mættu og við kenndum hvert öðru. Við mældum upp rúst, skráðum safngripi, ræddum safnkennslu, forvörslu, fornleifarannsóknir og fornleifaskráningu. Við snæddum þjóðlega rétti og héldum kvöldvöku þar sem ég sagði frá rannsókn minni á íslenskum minjasöfnum. Þetta var svo vel heppnað að Margrét Bóasdóttir á Grenjaðarstað bar upp þá tillögu að þetta yrði árlegur viðburður. Um þetta má lesa í Ljóra 1991 og gott að því sé haldið til haga. Þegar ég skoða ljósmyndir mínar úr skólanum sé ég hve mörg við vorum, á öllum aldri og alls staðar að af landinu. Hvílík þörf sem við höfum haft á að hittast og tala saman. Fræðast og miðla, syngja og dansa, dufla og daðra.

Farskóli safnmanna er dæmi um góða hugmynd sem er útfærð og hrint í framkvæmd. Ég er sannfærð um að Farskóli safnmanna mun lifa góðu lífi meðan safnmenn hafa gagn og gaman af því að undirbúa hann og mæta í hann.

Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari

Fjögurra ára en fullmótaður



Í Farskólanum í Skagafirði 1993. Lilja Árnadóttir,
Ragnhildur Vigfúsdóttir, Adalbjörg Ólafsdóttir,
Hanna Rósa Sveinsdóttir og Sigrún Ásta Jónsdóttir.
Ljósmyndari Hörður Geirsson.

Fyrsti farskólinn sem ég sótti var haldinn í Skagafirði árið 1993. Þótt hann væri aðeins sá fjórði í röðinni var enginn byrjunarbragur á honum. Hann var fullmótaður í þá mynd sem hann hefur æ síðan verið með örfáum undantekningum sem sýnir að góður grunnur var lagður í upphafi. Það er margt sem hægt væri að telja fram sem ávinning af rekstri skólans í 30 ár en mig langar að minnast á einn mikilvægan þátt. Með því að skólinn ferðist á milli svæða og að heimamenn taka mikilvægan þátt í undirbúningi hans og rekstri þá verða minni söfn ekki bara móttakendur fræðslu og leiðbeininga frá stærri söfnum heldur hafa þau líka hlutverki að gegna að miðla sinni sýn og reynslu. Það má kalla þetta jafningjafræðslu. Að mínu mati hefur þetta fyrirkomulag átt sinn þátt í að til varð, undir lok síðustu aldar, starfsstétt safnamanna á landsvísi.

Safnavinna er allt í senn, gefandi, vandasöm og erfið. Verkefni eru yfirleitt stór og flóknari en þau virðast við fyrstu sýn. Ótrúlega margt vinnst með góðum vilja, bjartsýni, þekkingu og góðu skipulagi. En það hefur líka komið fyrir að ég hef tekið rangar ákvarðanir í starfinu. Mig hefur líka

stundum skort þekkingu, stuðning og haft of mikla trú á að allt muni þetta nú reddast. Það er ekki endilega alltaf mikill stuðningur í nærumhverfinu, fáir sem vita og skilja út á hvað starfið gengur.

Fyrir mér hefur safnið alltaf verið dásamlegur sjóður þekkingar og fjölbreyttra möguleika til að rannsaka, njóta, miðla, fræðast og skapa. En það hafa alveg komið þær stundir að ég hef spurt mig hvort hin mikla innri vinna sem þarf að sinna í safninu sé í raun einhvers virði í nútímasamfélagi. Í samfélagi þar sem yfirleitt er leitað með hraði eftir skýrum svörum í takt við hugumstóra sýn og áætlanir. Lengi vel reyndi ég að þróa starf mitt í safninu til að passa inn í þá mynd. En veröldin í safninu reynist sjaldan vera klippt og skorin, miklu frekar er hún á ská og skjön. Ég þráði að finna sterkari grunn fyrir starfseminu en vandamálið er miklu frekar of einsleitar myndir og mikill hraði. Safnið er í reynd miklu nær því að vera eins og lífið sjálft, óreiðukennt en samt svo skiljanlegt með einhverjum undursamlegum hætti.

Með því að opna hug minn fyrir óreiðunni þá finnst mér að hún hafi

orðið að styrk, af því að hún býr til svigrúm í starfseminni og opnar fyrir margvíslegar tengingar. Til að skilja þetta þurfti ég að hægja á mér og læra að hlusta betur. En ég hef ekki fundið út hvernig ég geti útskýrt þessa sýn og staðið með henni þar sem ég get varla orðað hana. Þekkingin er ekki bara fólgin í rökhugsuninni, hún er líka í upplifun okkar, skynjun og tilfinningu, sem er einmitt það sem verður til í innra starfinu og samskiptum við gesti safnsins. Mér finnst að safnasamfélagið hafi verið mér það bjarg sem ég þurfti til að byggja á og vaxa inn á þessar óskilgreindu slóðir. Farskólinn skapaði þetta samfélag safnmanna.

Sigrún Ásta Jónsdóttir,
safnvörður Gljúfrasteini

Að kynda í faglegum áhuga manns



Í Farskólanum í Reykjanæsbæ 2016. Margrét Araóttir, Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Sigurður Trausti Traustason og Sveinbjörg Sveinsdóttir. Ljósmyndari Hörður Geirsson.

Árið er 1989, ég er 7 ára gamall og er líklega að reyna að slá met móður minnar í Tetris í Gameboy. Skil ekki hvernig hún fer að þessu og ég gruna hana um að spila á nóttunni. Metallica er uppáhalds hljómsveitin mín vegna þess að bræður mínir segja mér að hún eigi að vera það. Áhyggjurnar eru ekki margar, kannski helst það að ég á ekki BMX og allir eiga BMX. Á sama tíma er verið að undirbúa og halda fyrsta farskóla FÍSOS. Ég var ekki kominn með hugann að safnastarfi og menningararfinum þá en það átti nú eftir að breytast og ég held að á núverandi tímapunkti lífs míns að ég hafi eytt meiri tíma á Sarpi en í Tetris. Fyrsti farskólinn minn var einmitt haldinn þegar ég var nýtekinn við sem fagstjóri Sarps árið 2013. Ég hafði þá verið fimm daga í starfi þegar ég hélt erindi á farskólanum. Örlítið kastað í djúpu laugina þar. Í lestrarsal Safnahússins stóð ég með þurran munn og dúndrandi hjartslátt fyrir framan hóp fólks með samanlagt áratuga ef ekki árhundraða reynslu í geiranum. Þessi fyrstu skref voru kannski aðeins erfið en farskólinn átti eftir að marka djúp spor í mínu faglega lífi. Ég man eftir að hafa verið tekið opnum örmum í

hóp safnmanna alveg frá byrjun og það var gæfuspor fyrir mig í starfi að fá að kynna mig svona snemma á vettvangi farskólans. Því miður missti ég af næstu tveim farskólum og komst ekki fyrr en árið 2016 í Reykjanæsbæ. Aðeins sjóðri þá en árið 2013, þar fékk ég að stýra hópastarfi um skráningu og aðgengi með Þóru Sigurbjörnsdóttur frá Hönnunarsafninu. Það skemmtilega við farskólann er einmitt þetta tækifæri til að hitta kollega sína og deila með þeim skoðunum, nýjungum og áhyggjuefnum. Tækifæri til að ræða hlutina út frá faglegu sjónarmiði við fólk sem er að takast á við sömu vandamál og þú. Ekki skemmir svo heldur fyrir dansinn og gleðin. Ég átti afmæli á sama tíma og farskólinn var þetta árið og sama fólk-ið og ég stóð skjálfandi fyrir framan þrem árum áður söng nú fyrir mig afmælissönginn. Ég held nú að stór og skemmtilegur persónuleiki sem er hvað þekktastur fyrir að vera alltaf með myndavélina á sér hafi staðið fyrir því. Það var svo á þessum farskóla á sjálfri árshátíðinni sem ég ákvað að sækja um starf við Listasafn Reykjavíkur, meðal annars vegna hvatningar frá góðum hóp samnemenda á far-

skólanum. Þar starfa ég í dag svo að farskólinn hefur nú verið örlagavaldur. Fyrsta farskólann minn erlendis fékk ég svo að upplifa í Dublin í fyrra. Þar var met sett í skipulagi og áhugaverðum heimsóknnum enda bjó útsendari farskólans á svæðinu. Mér finnst það vera markmið farskólans að kynda upp í faglegum áhuga manns. Það getur stundum verið erfitt að vera fastur í hringið verkefna safnamannsins. En það er meðal annars farskólinn sem er góð áminning ár hvert af hverju maður valdi þetta fag.

Mig langar að kasta kveðju á þau sem stóðu að fyrsta farskólanum árið 1989, þakka þeim fyrir framsýnina, dugnaðinn og að hafa átt frumkvæði að viðburði sem ég hlakka til á hverju ári.

Sigurður Trausti Traustason,
deildarstjóri í Listasafni Reykjavíkur

Til hvers farskóli?



Í Farskólanum á Akureyri 1912. Ólöf Vignisdóttir og Anita Elefsen og á milli þeirra í bakgrunni Eggert Þór Bernharðsson. Ljósmyndari Hörður Geirsson.

Frá árinu 1989 hefur árlegur Farskóli verið flestum safnmönnum tilhlökkunarefni – en hvert er gildi þessara árlegu samkoma? Að mínu mati er það okkur safnmönnum eftirsóknarvert að fá þetta dýrmæta tækifæri einu sinni á ári; til að ræða saman, fræðast, víkka sjóndeildarhringinn og ekki síst að njóta samverunnar. Og ekki er vanþörf á. Söfnum, setrum og sýningum hefur fjölgað mikið á undanförunum áratugum, endurnýjun hefur orðið á starfsfólki og verulega hefur fjölgað í hópi safnmanna. Á sama tíma er hönnun og framsetning sýninga mun fjölbreyttari en áður með tilkomu tækninýjunga, kröfur um faglegt starf hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum og daglegar áskoranir mýmargar. Þessar breytingar hafa orðið til þess að innan safnanna er flóra starfsmanna jafnframt orðin fjölbreyttari en áður. Þrátt fyrir að starfa öll á sama vettvangi, sinnum við ólíkum viðfangsefnum og hlutverk okkar og ábyrgð krefst sérhæfingar og menntunar.

Heimur safnafólks hefur þó bæði stækkað og minnkað í senn. Með aukinni tækni eru rafræn samskipti

oftast þau einföldustu og fljótlegustu, og með tölvupósti eða símtali má afgreiða hin ýmsu mál á skömmum tíma. Þannig getum við sparað okkur tíma, skipulag við fundi og ferðir milli staða. En fyrir vikið hittumst við sjaldnar – sem er miður. Og fyrir okkur sem störfum á fámennari söfnunum eru samskipti við kollega okkar nauðsynleg á svo marga vegu. Kröfur til viðurkenndra safna ráðast ekki af starfsmannafjölda, og verðum við á „litlu“ söfnunum því að hlaupa í öll möguleg verkefni og sinna gestamótöku jafnt sem skráningu, þrífum jafnt sem rannsóknum, viðhaldi jafnt sem safnkennslu, bókhaldi jafnt sem markaðsmálum og svona mætti áfram telja. Farskólinn er því einstakur vettvangur til að læra hvert af öðru, miðla þekkingu og mynda tengsl. Á farskóla gefst kjörið tækifæri til að kynnst kollegum, skiptast á skoðunum, leita í viskubrunn og reynslubanka annarra, ræða álitamál líðandi stundar og þær áskoranir og þau verkefni sem takast þarf á við í daglegu starfi. Og akkúrat það er svo mikilvægt. Fyrir tveimur árum þegar farskólinn fór fram á Siglufirði varð mér ljóst að hann hefur líka sérstakt gildi fyrir gestgjafann

hverju sinni. Skipulagning dagskrár, vinnustofa og annarra praktískra atvika krefst mikils undirbúnings sem felst ekki síst í því að skyggjast inn í verkefni og störf safnmanna, til þess að skipuleggja efnistöð farskólans með það að markmiði að allir þátttakendur finni eitthvað við sitt hæfi og hafi sem mest gagn af dagskrá skólans. Á sama tíma þótti mér afar dýrmætt að fá tækifæri til að bjóða „heim“ á annað hundrad safnmönnum, sem komu ekki bara til að taka þátt í skipulagðri dagskrá, heldur líka til að kynna sér starfsemi safna, setra og annarra menningarstofnana á staðnum. Þannig gefur farskólinn okkur öllum tækifæri til að kynnst gestgjöfum mun betur en með einfaldri heimsókn sem almennir safngestir – við fáum að skyggjast bak við tjöldin og í mörgum tilfellum heimsækja staði sem við ella gerðum ekki.

Anita Elefsen,
safnstjóri Sýldarminjasafnsins

Í þágu almennings

Aðgerðir og áskoranir safna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

Samfélagslegt hlutverk safna kemur reglulega fram í ræðu og riti um safnastarf, bæði á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðaráð safna (ICOM) skilgreinir söfn sem stofnanir sem starfa í þágu almennings. Kveðið er á um samfélagslegt hlutverk safna í reglugerðum um safnastarf á Íslandi, í stefnum og yfirlýstum markmiðum safna víðsvegar á landinu. Í stefnu Þjóðminjasafns Íslands um menningarminjar er það eitt af höfuðmarkmiðum að hafa samfélagslegt hlutverk safna í fyrirrúmi. Sem höfuðsafn á sviði menningarminja er stefnunni ætlað að vera mótandi fyrir menningarminjasöfn landsins.

Þau sem starfa á söfnum eða tengjast safnheiminum með einum eða öðrum hætti læra nefnilega þessa möntru ansi fljótt. Þrátt fyrir að þykja sjálfsögð sannindi er það ekki sjálfsgefið hvers lags þetta hlutverk er. Hvað þýðir það að starfa í þágu almennings? Í þágu hvers? Hvaða samfélaga er verið að vísa til? Er um að ræða afmarkaðan hóp eða þjóðfélög almennt?



Untitled, 2016, Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson og Tinna Grétarsdóttir. Listaverk af sýningunni Kwittcherbelliákin í Listasafni Reykjavíkur, árið 2016. Sýningin rýndi í pólitískt, félags- og náttúrulegt ástand samtímans í samhengi við ófyrirséðar afleiðingar hlýnunar á Norðurslóðum.

Samkvæmt safnafræðingnum Robert Janes rækja söfn samfélagslegt hlutverk sitt með því að vera í sterkum tengslum við nærsamfélag sitt og takast á við þær áskoranir og ógnir sem samfélagið og umhverfi þess stendur frammi fyrir. Árið 2009 gaf hann út bókina *Museums in a troubled world: Renewal, Irrelevance or Collapse?* þar sem hann gagnrýndi íhaldssemi safna og hæg viðbrögð þeirra við samfélagslegum breytingum. Bókin er stór áfellsdómur á söfn þegar kemur að viðbrögðum þeirra við þeim flókna vanda sem felst í loftslagsbreytingum af mannavöldum og breyti söfn ekki um stefnu telur Janes næsta vísitölun söfn sem samfélagslegar stofnanir hreinlega fjari út og hætti að skipta nokkru máli fyrir þá sem þeim er ætlað að starfa í þágu fyrir.

Í bókinni *Curating the Future: Museums, Communities and Climate Change* (2016) eru tekin saman mörg ólík dæmi um aðgerðir safna í loftslags- og umhverfismálum. Ritstjórar bókarinnar Jennifer Newell, Libby Robin og Kirsten Wehner halda því fram að í safnaheiminum hafi orðið ákveðin kúvending um 2010 þar sem sífellt fleiri söfn takast á við loftslagsvandann. Á sama tíma rekja þær áherslubreytingar þar sem söfn af öllum toga prófa skapandi og grípandi leiðir til að tengjast nærsamfélagi sínu í stað þess að leggja áherslu á miðlun vísinda- og tæknilegrar þekkingar á vandanum.

Það sem hér fylgir er stutt ágrip á hinu ört vaxandi sviði safnafræða og safnastarfs sem tekur fyrir umhverfismál. Ætlunin er að skoða áskoranir sem snúa að hugtökum eins og mannöldin og sjálfbærni og

hvernig þau hafa áhrif á hefðbundnar forsendur safnastarfs svo sem aðskilnað menningar og náttúru, túlkun og framsetningu safngripa og samvinnu safna við nærsamfélagið.

Samband menningar og náttúru

Í safnastarfi er það viðtekin venja að náttúruminjasöfn geri sögu og stöðu náttúrunnar skil á meðan lista- og menningarminjasöfn taka fyrir sögu og samtíð mannkyns, þjóða, menningar og lista. Í ljósi umfangsmikilla áhrifa mannsins á jörðina og hvernig menning og náttúra mynda flókin tengsl sín á milli þar sem víxlverkun áhrifa móta hvort tveggja, er það óhjákvæmilegt að skoða hvernig þessi svið skarast. Síðast liðinn áratug hefur átt sér stað heilmikil umræða um afleiðingar þess að skilgreina núverandi tímabil í sögu jarðarinnar sem mannöld (e. Anthropocene). Í grunninn er um



Tilbúinn veggur á sýningu Deutsches Museum þar sem ýmsum tæknilegum uppgötvunum eru gerð skil og tengingar með áherslum á umhverfisáhrif eru teiknaðar á milli safngripanna. Í stóra skarðinu fyrir miðju veggisins stendur umrædd gufuvél. Ljósmynd: Bergsveinn Þórsson.

að ræða jarðsögulegt hugtak en umræðan hefur teygt anga sína þvert á fræðisvið náttúru-, félags- og hugvísinda. Mannöldin er umdeilt hugtak en hefur engu að síður reynst gagnlegt til þess að skerpa á sambandi samfélags manna við umhverfi sitt.

Þýska vísinda- og tækniminjasafnið Deutsches Museum opnaði árið 2014 sýninguna Welcome to the Anthropocene: The Earth in our hands þar sem sýningarstjórar veltu fyrir sér afleiðingum þess að endurskoða samband menningar og náttúru inn á safni sem hefur í gegnum áratugina safnað gripum og sagt sögu þróunar tækni og vísinda og áhrif þess á framþróun mannkynssögunnar.

Einn af lykilgripum sýningarinnar var gufuvél frá níttjándu öld, sem sýnd var í sambengi við aðrar tæknilegar uppfinningar sem höfðu sett mark sitt á söguna frá upphafi iðnbyltingarinnar. Þessi uppsetning rakti upphaf mannaldar til upphafs iðnbyltingarinnar og þar var gufuvélin táknmynd vélvæðingar þeirrar sögu. Það í sjálfu sér tengdist hefðbundinni framsetningu gripsins

á vegum safnsins, en í þessu tilviki var athygli vakin á eða athyglinni beint að því hvernig uppfinningin jók útblástur koltvísýrings með bruna jarðefnaeldsneytis og stuðlaði að enn frekari vélvæðingu sem auðveldaði ferðalög, flutninga og framleiðslu á neysluvörum og raf-tækjum sem nú mynda stóran hluta af uppsöfnuðum úrgangi og affalli mannkyns.

Sýningin var sett upp í sambengi við hefðbundna framsetningu tækni og vísinda innan safnsins. Þar hefur söguskoðun almennt snúið að því að leggja áherslu á framþróun vestrænna samfélaga og hvernig þeim hefur tekist að beisla mátt náttúrunnar sér til hagbóta. Framsetning af þessu tagi hefur að mestu hunsað þau umhverfislegu áhrif sem framþróunin hefur haft í för með sér, sem má að miklu leyti skrifa á markmið og stefnu safnsins að gera vísinda- og tæknilegum uppgötvunum hátt undir höfði.

Sýningin stillti einnig saman ólíkum gripum safnsins og listaverkum til að skerpa á nauðsyn listræns inn-sæis til að takast á við þær ókunnu

slóðir sem mannkynið fetar nú á tímum hraðra umhverfisbreytinga. Safngripir og listaverk geta verið skapandi og grípandi uppspretta umræðu og tenginga við flóknar afleiðingar loftslagsbreytinga og um-breytinga mannsins á jörðinni. Safngripir eru vel til þess fallnir að varpa sögulegu ljósi á loftslagsmál og áhrif mannsins á jörðina. Lista- verk, menningar- og náttúruminjar geta einnig auðveldað skilning á vísinda- og fræðilegum hugtökum og komið áþreifanlegri mynd á þau.¹

Að takast á við loftslagsbreytingar

Á meðan framlag safna til umræðunnar um loftslagsmál getur falist í því að draga fram sögulegt sambengi breytinganna og tengsl menningar og umhverfis, snýst baráttan ekki eingöngu um það að auka skilning á viðfangsefninu. Alvarleiki málsins krefst þess einnig að hvatt sé til aðgerða. Þekking og skilningur á loftslagsvísindum getur vissulega skipt sköpum, en þegar rætt er um meðaltalstölur á hlýnun jarðar og áhersla lögð á gríðarlega stórt umfang vandans getur hann virkað fjarlægur og vakið upp loftslagskvíða meðal annars.



Sýningin ARV í Tromsø Museum, árið 2018, byggir á fornleifarannsóknnum Þóru Pétursdóttur og Bjørnar Olsen þar sem tengsl sorps og menningar- og náttúruarfs eru rannsökuð. Sýningin varpaði fram spurningum um hvort við getum hreinlega valið hvað skuli varðveitt og horft fram hjá óþægilegum menningar- og náttúruarfi? Ljósmynd: Jonathan S. Igharas. Sýningin stendur enn

Í Bandaríkjunum var sett á fót samstarfsverkefni vísindamanna, fræðslufólks og óformlegra mennta- og vísindastofnana í fjórum stórborgum sem kallast Climate and Urban System Partnership (CUSP). Carnegie náttúruminjasafnið í Pittsburgh í Pennsylvaníu fylki tók þátt í þessu verkefni og stýrði fræðslu og viðburðarstarfi í sinni borg. Í þessu fólst að starfsfólk safnsins kom á samtali við íbúa borgarinnar á hverfishátíðum og ólíkum viðburðum innan borgarmarkanna. Þátttakendur verkefnisins útbjuggu sérs-taka fræðslupakka og lögðu áherslu á málefni sem snertu íbúa borgarinnar. Í einum slíkum fræðslupakka, Extreme Events, var aukin úrkoma á svæðinu, sem er rakin til loftslagsbreytinga, tekin sérstaklega fyrir. Aukin úrkoma hefur haft í för með sér aukið álag á holræsa- og vatnsaffallskerfi sem vakið hafa deilur um nauðsyn kostnaðarsamra aðgerða á innviðum borgarinnar. Fræðslupakkinn kynnir til sögunnar græna valkosti sem mögulega lausn á vandanum. Með hjálp bygginga úr legókubbum, litlum svömpum (sem tákna græn svæði og regnvatnstanka meðal annars) og vatnskönnu var

ungum sem öldnum boðið að útbúa litla götummynd þar sem svömpum var komið fyrir upp á húsþökum og götum sem draga í sig vatn þegar vatninu var sturtað yfir herlegheitin. Á sama tíma eru tengsl þessa litla móðels við raunveruleg málefni borgarinnar rædd, og skerpt á tengslum þess við loftslagsbreytingar.

CUSP verkefnið felur í sér að starfsfólk safnsins rækti tengsl við nágranna sína og bjóði þeim að taka þátt í leik og samtali um loftslagsmál. Lögð er áhersla á að finna málefni sem hafa bein tengsl við samfélagið og auka þekkingu fólks á innviðum síns nærumhverfis. Það þykir vænlegra til vinnings að tengja alheimsvandann við reynslu og upplifun einstaklinga og afmarkaðra hópa og skapa með þeim hætti tengsl við stóru myndina. Rannsóknir á sviði fræðslu í loftslagsmálum hafa sýnt fram á mikilvægi þess að nálgast umfang vandans lausnamiðað út frá staðbundnum afleiðingum.²

Í þessu felast ákveðnar áskoranir fyrir söfn og safnastarf. Að rækta tengsl við nærsamfélagið krefst tíma og starfskrafts sem er ekki sjálfgefið

að sé til staðar. Úrlausnir á loftslagsvandanum eru ekki einfaldar og fólk hefur almennt skiptar skoðanir á þeim. Þær eru oftast en ekki pólitískar og hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á venjum og lífnadæðráttum fólks. Söfn sem gangast við umræðum um ólíkar úrlausnir þurfa líka að skilja við þá þrálátu hugmynd að söfn miðli eingöngu hlutlægri og ópólitískri þekkingu. Söfn þurfa að víkka út tengslanet sitt sem sameinar ólíka sérfræðilega þekkingu og reynslu og upplifun nærsamfélagsins á loftslagsbreytingum. Söfn þurfa að gefa frá sér vald sérfræðingsins í samskiptum við samfélagið, því það er ekki gefið að safnið hafi þá reynslu og þekkingu sem til þarf. Það er líka fyrir séð að söfn geti gert mistök og að samskipti við ólíka samfélagshópa geti farið brösuglega af stað. Saga og arfleið safna er þar að auki mjög erfið ákveðnum samfélagshópum og í samtalsham þurfa söfn að vera tilbúin að taka gagnrýni og endurskoða sína eigin sögu og stöðu.



Borgarsögusafn hélt árið 2014 sýningu sem kölluð var Neyzlan og var tilraun til að horfa á sögu 20. aldar út frá sjónarhorni neyslumeningar og öðlast með því skilning á breytingum daglegs lífs á 20. öld. Sýningin stendur enn.



Trestle gufuvél frá miðri nítjándu öld. Táknmynd vélvæðingar iðnbyltingarinnar er hér sett í samhengi við þau umhverfislegu áhrif sem tæknileg framþróun vestrænna samfélaga hafði í för með sér. Ljósmynd: Bergsveinn Þórsson

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Nýlega hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sett mark sitt á umræður um getu og möguleika safna til að leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir sjálfbærri framtíð. Alþjóðaráð safna starfrækir vinnuhóp sem snýr að sjálfbærni og safnastarfi og mun málefnið verða rætt á næstu allsherjar ráðstefna ráðsins í Kyoto þetta árið.⁵

Heimsmarkmiðin eru 17 talsins en undirmerkið eru 169 og taka fyrir allt frá aðgerðum í loftslagsmálum til baráttu gegn fátækt og hungri. Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru samþætt og mynda heild sem flétta saman efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar stöðir. Þau varpa ljósi á umfang þess að huga að sjálfbærri þróun. Líkt og heimsmarkmiðunum er ætlað að vera vegvísir stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og samfélaga að sjálfbærri framtíð, þá eru þau gagnlegur rammi fyrir söfn.

Heimsmarkmiðin sýna fram á umfang vandans og að baráttan við loftslagsbreytingar felst ekki eingöngu í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvert markmið fyrir sig myndar mikilvægan hlekk í vegferðinni til sjálfbærrar framtíðar. Fyrir söfn sem vilja leggja sitt af mörkum geta heimsmarkmiðin gagnast sem vegvísir í rannsóknnum og sýningargerð. Hvort sem það felur í sér að fjalla um heimsmarkmiðin í heild sinni, eða nýta einstaka þætti til að tengja saman við umfjöllun um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einnig tilvalinn gátlisti fyrir safnastarf þegar vilji er fyrir hendi að huga að sjálfbærni en óvíst hvar skuli byrja. Umfang markmiðanna er slíkt að ekki þarf að leita lengi til að finna tengingu við ólík verkefni safna.

Tími aðgerða er runninn upp-

Íslensk söfn hafa burðina til að leggja sitt af mörkum, hvort sem það er til að auka þekkingu og vitund á vandnum, eða að stuðla að umræðu, skoðanaskiptum og hvetja til aðgerða. Söfn eru tilvalinn vettvangur til að tengja saman listræna, sögu- og vísindalega nálgun við reynslu og upplifun nærsamfélagsins. Reynsla af miðlun og fræðslu, og þekking á sögu og menningu samfélagsins gerir það að verkum að söfn geta leikið lykilhlutverk í að sameina ólíkar áherslur, hnýtt saman þekkingu frá mörgum sviðum og komið á þversamfélagslegu samtali um þetta mikilvæga málefni. Með aukinni vitund, umræðu um áhrif manns á jörðina verður það stöðugt erfiðara að horfa fram hjá umhverfisáhrifum í samtímanum og menningar- og sögulegu samhengi. Fyrirséð er að gestir safna munu í auknum mæli varpa fram slíkum spurningum ef það er skortur á í sýningar- og fræðslustarfi safna.

Vandamálin leysast ekki af sjálfu sér. Úrlausnir krefjast hugmyndaauðgi og það er ekki gefið að allt heppnist í fyrstu tilraun. Starfsfólk safna má því ekki vera hrætt við að gera mistök, prófa sig áfram, deila hugmyndum, miðla reynslusögum og reiða sig á samvinnumátt safna á Íslandi eða á alþjóðlegum vettvangi. Hvert safn hefur sérstöðu með tilliti til safnkosts, starfsafla og tengingar við sitt nærsamfélag, en hægt er að draga lærdóm af því sem kollegar annarra safna hafa gert eða eru að gera. Tími aðgerða er löngu runninn upp, en það er ekki of seint að hefjast handa við að rækja samfélagslegt hlutverk sitt með því að takast á við þann flókna og alvarlega umhverfisvanda sem við stöndum frammi fyrir.

Heimildir

- 1 Rafræna útgáfa sýningarinnar má nálgast á heimasíðu Environment and Society Portal: <http://www.environmentandsociety.org/exhibitions/welcome-anthropocene>
- 2 Á heimasíðu CUSP er hægt að kynna sér nánar fræðsluleiðir og markmið verkefnisins ásamt þeim ólíku fræðslupökkum sem gerðir voru innan samstarfsverkefnisins: <http://www.cuspproject.org/>
- 3 Á heimasíðu CUSP er hægt að kynna sér nánar fræðsluleiðir og markmið verkefnisins ásamt þeim ólíku fræðslupökkum sem gerðir voru innan samstarfsverkefnisins: <http://www.cuspproject.org/>
- 4 Á heimasíðu CUSP er hægt að kynna sér nánar fræðsluleiðir og markmið verkefnisins ásamt þeim ólíku fræðslupökkum sem gerðir voru innan samstarfsverkefnisins: <http://www.cuspproject.org/>
- 5 Henry McGhie, hjá Curating Tomorrow, gaf nýlega út handbókina Museums and the Sustainable Development Goals sem nálgast má á <http://curatingtomorrow236646048.wordpress.com>

Bergsveinn Þórsson er doktorsnemi í safnafræði við Háskólann í Osló. Greinin byggir á rannsókn hans á því hvernig söfn hafa nýtt sér hugtakið mannöld í safnastarfi til þess að takast á við áskoranirnar sem felast í því að rannsaka, miðla og hvetja til aðgerða í baráttunni gegn umhverfisvá samtímans.

Dauði og söfn

Þann 24. október 2013 birtist á fréttaveitunni pressan.is frétt þess efnis að maður hefði fundist látinn í íbúð sinni í nágrenni Parísar. Það sem þótti frétt næmt var að maðurinn hafði hengt sig fyrir átta árum og hangið þar í snörunni. Nýr eigandi íbúðarinnar, sem hafði keypt hana á uppboði, gekk fram á líkið. Fréttin er vissulega forvitnileg og tilefni til samræðna um afskiptaleysi fólks í samtímanum, en það sem vakti athygli var að með fréttinni birtist ljósmynd af Louvre-safninu í París. Við fyrstu sýn er augljóst að samsetning texta og myndar tekur mið af því að „myndskreyta“ fréttina.

Vinnubrögð af því tagi eru vel þekkt úr heimi fjölmiðla, en fjölmiðlamönnum er oft vandi á höndum þegar myndefni sem tengist fréttaninu beint er ekki fyrir að fara og efnið viðkvæmt. Í tilfelli íslensku útgáfunnar af fréttinni snertir hún á forvitnilegu sambandi dauða við söfn. En samsetning textans um afdrif sjálfsmorðingjans og myndarinnar slær gamalkunnugt stef, þar sem dauði verður tilefni til hugrenninga- tengsla við söfn. Franski rithöfundurinn Balzac sagði til að mynda eitt sinn að söfn væru átakastaðir hinna ráðandi dauðu við hina þjáðu lifandi!

Um merkingar.

Góðar merkingar spá fyrir um og svara ósögðum spurningum gesta um listaverkið eða hlutinn sem þær fylgja. Á sama tíma mynda þær tilfinningaleg tengsl við gestina. Það er því augljóst að allir sem skrifa sýningartexta þurfa ítarlega þekkingu á tveimur sviðum: hlutunum sjálfum og gestunum sem munu skoða þá. Auk þess þurfa þeir skýra sýn sem skilgreinir hvað þeir gera ráð fyrir að gestir gætu hugsað, fundið eða gert sem viðbragð við textanum.

Vel orðaður sýningartexti mætir gestinum á kunnuglegum slóðum og notar hugtök og orðalag sem eru gestinum töm, en býður jafnframt upp á nýtt sjónarhorn.

Með aðeins einni setningu eða tveimur, er gesturinn nestaður með upplýsingum til að skoða hlutinn og draga eigin ályktanir um hann, ályktanir sem byggja bæði á þekkingu gestsins og orðum safnsins.

Anna Faherty, www.museumnext.com

Útrýmingabúðir og pylsusafn

Einn angi af því að reka útrýmingabúðir sem safn um hroðaverk nasista, snýr að því að spyrja hvað sé viðeigandi í slíkum rekstri. Í byrjun febrúar 2019 fréttist að þýska pylsusafnið, Bratwurst Museum við bæinn Holzhausen, hygðist reysa nýtt safn ekki langt frá útrýmingarbudunum í Buchenwald. Pylsusafnið er mjög vinsælt, en um 50 þúsund manns heimsækja safnið á ári. Fyrir utan safnbygginguna mætir gestum risastór tréskúlpúr af pylsu í pylsubraudi og pylsa sem stungið hefur verið ofan í stóra fallbyssu. Ætlunin var að reisa nýtt safn skammt frá Buchenwald, ásamt hóteli. Áætlanir pylsusafnsins mættu gagnrýni fyrir að sýna tillitssleysi og dofa gagnvart sögulegri vitund og í kjölfarið hætti pylsusafnið við fyrirætlanir sínar og baðst afsökunar á þeim. Í Buchenwald voru nálægt 300 þúsund manns haldið föngum og er áætlað að um 56 þúsund manns hafi dáið í búðunum; gyðingar, Róma-fólk, pólitískir andstæðingar, samkynhneigðir og Sovéskir hermenn.

Doktorsvörn í safnafræði

Þann 20. september 2019 varði AlmaDís Kristinsdóttir doktorsritgerð sína í safnafræði við Háskóla Íslands. Heiti ritgerðarinnar er „Horft til framtíðar í fræðslumálum safna: Greining á faglegri nálgun í íslensku safnfræðslustarfi.“ Viðfangsefni rannsóknarinnar var að skoða safnfræðslustarf í framkvæmd og leiddi rannsóknin í ljós að safnfræðsla sem fag, krefst fræðilegra kennslulíkana og styðjandi skipulagsheilda innan safna. Niðurstaða rannsóknarinnar var meðal annars sú, að ef söfn ætla sér að ná árangri sem menntastofnanir verða þau að gefa safnfræðslu aukið vægi og rými innan eigin skipulagsheilda.

Saga listasafna á Íslandi

Á dögunum gaf Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands út greinasafnið *Saga listasafna á Íslandi*. Ritstjóri er Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Saga flestra listasafnanna er ung og tilvist margra þeirra spannar aðeins fáeina áratugi. Bókin er engu að síður heilmikill döðrantur sem telur alls 566 blaðsíður enda um 25 greinar að ræða um jafnmörg söfn. Raunar kemur á óvart hversu víðtæk starfsemi listasafna er hér á landi og ber það vott um mikinn myndlistaráhuga um allt land. Landsfjórðungarnir eiga allir sín listasöfn þótt vissulega séu þau flest á höfuðborgarsvæðinu en þar eru einnig umsvifamestu safnastofnanir landsins. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur hafa raunar hvort um sig nokkur söfn innan sinna vébanda sem starfrækt eru í húsum á mismunandi stöðum í höfuðborginni. Aðeins eitt þeirra fær sérumfjöllun í bókinni, en það er Listasafn Sigurjóns Ólafssonar sem starfaði sem sjálfseignarstofnun þar til það varð hluti af Listasafni Íslands fyrir nokkrum árum.

Í aðfararorðum ritstjórans kemur fram að umfjöllun um Listasafn Skagfirðinga og Listasafn Akraness (og hugsanlega fleiri) vanti í bókina þar sem ekki var vitað af tilvist þeirra fyrr en um seinan. Sú staðreynd endurspeglar út af fyrir sig þörfina á riti sem þessu en saga flestra listasafnanna í bókinni hefur ekki áður verið skráð. Sú sem þetta ritar saknar einnig umfjöllunar um Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal, eins sérstæðasta og jafnframt afskekktasta listasafns landsins. Þá kemur á óvart að ekki sé minnst einu orði á Safnahúsið við Hverfis-

götu þar sem yfirstandandi er metnaðarfull sýning á sjónrænum arfi Íslendinga í samstarfi margra safna, þar á meðal Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Hið síðarnefnda varðveitir jafnframt stóran hluta listasögu fyrri alda á Íslandi sem og ljósmyndasögu, en Sigurjón greinir frá því að enginn hafi fengist til að rita sögu Þjóðminjasafnsins. Fjarvera Þjóðminjasafnsins (með kirkjulistargripum sínum og annarri myndlist, þar á meðal í ljósmyndasafni stofnunarinnar) verður að teljast galli á bókinni. Þessi fjarvera vekur einnig spurningar um skilgreiningar á íslenskri listasögu. Ánægjulegt að sjá í bókinni greinar um sögu Hönnunarsafns Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur, auk þess sem rakin er stutt saga byggingarlistadeildar Listasafns Reykjavíkur, en hvar liggja mörkin þegar sjónlistir eru annars vegar? Hvers vegna er ekki fjallað um Kvíkmyndasafn Íslands?

Í heild er bókin gríðarlega áhugaverð lesning, á köflum fulltárleg en á móti kemur að mikilvægt er að gera skýra grein fyrir tilurð safnanna, viðleitni til að fjármagna reksturinn og efla starfsemina. Sú saga endurspeglar á mikilvægan hátt eldmóð sem stundum byggir á örlæti, framtíðarsýn og starfi fárra einstaklinga, framtakssemi og þrautseigju í menningarstarfi, oft við erfiðar aðstæður, og síðast en ekki síst trú á gildi listarinnar í samfélaginu. Sumar greinar eru þess eðlis að lesandinn hrífst auðveldlega með, má þar nefna ævintýralega frásögn af björgunarstarfi Listasafns Vestmannaeyja í eldgosinu 1973 og í Sveinssafni í Krýsuvík þegar ekki var útséð um húshitun fyrir veturinn. Þessi söfn

varðveita bæði merkilegar safneignir en starfið er mikið til unnið í sjálfboðavinnu. Gegnumgangandi í umfjöllun bókarinnar er tilfinning fyrir björgun menningararfs, þar á meðal þeim sem tengist menningar- og listasögu ákveðinna staða. Fróðlegt er að lesa sér til um söfn sem varðveita – samhliða verkum eftir þekktari listamenn þjóðarinnar – verk eftir staðbundna listamenn sem eru lítt þekktir utan heimahaganna. Safneignir geta verið samsettar á ýmsan hátt og þannig myndast áhugavert samhengi sem vinna má úr með skapandi hætti í starfi safnsins, svo sem á sýningum, í rannsóknnum og útgáfum og í söfnunarstefnu. Safnasafnið á Svalbarðseyri hefur þá sérstöðu að safna alþýðulist og myndlist jaðarsettra einstaklinga, auk framsækinnar myndlistar menntaðra listamanna. Auðvelt er að nálgast upplýsingar um starfsemi safnsins en það verður ekki sagt um mörg önnur söfn sem fjallað er um í bókinni og því ljóst að hún hefur mikið heimildagildi. Bókin vekur lesanda jafnframt til vitundar um fjölbreytni listasafna á Íslandi, um þau miklu menningarverðmæti sem í þeim eru fólgin, og um hin ýmsu tengsl þeirra, jafnt innanlands sem út í heim.

Áherslur bókarinnar eru fyrst og fremst sagnfræðilegar. Greinarnar birtast í tímaröð eftir stofnun viðkomandi safns, fyrst er fjallað um Listasafn Íslands sem stofnað var 1884 og síðast um Vatnasafnið á Stykkishólmi sem opnað var árið 2007. Söfn eru stofnuð í ákveðnu þjóðfélagsrými og endurspeglar tilurð þessara tveggja safna miklar breytingar í þeim skilningi, sem og í viðhorfum til hlutverks

listasafna. Listasafn Íslands á rætur í hugmyndastraumum í evrópskri menningu á 18. og 19. öld en stofnun þess tengdist trú á göfgandi áhrifum fagurra lista og menntunarhlutverki almenningssafna. Tilurð Vatnasafnsins er nátengd umræðu nú á dögum um náttúrubreytingar af mannavöldum og þar er beinlínis unnið með safnrýmið, eiginleika og sögu safnsins sem slíks, til að skapa ákveðið andrúmsloft sem virkjar safngesti til þátttöku. Vatnasafnið tengist frjórri umræðu á sviði safnafræði undanfarna áratugi þar sem virkni og hlutverk safna og söfnunar hefur verið tekið til gagnrýnnar endurskoðunar. Ekki fer mikið fyrir safnafræðilegri greiningu og efnistökmum í umfjöllun bókarinnar nema í greinunum um Listasafn Íslands og Listasafnið á Akureyri, þótt stöku höfundar setji umræðu sína stundum í stærra samhengi safnamála á Íslandi, til dæmis varðandi Safnaráð, Safnasjóð, Íslandsdeild ICOM og menningar-sögulega skráningarkerfið Sarp. Mjög mikilvægt er að fá fram umræðu, eins og þá sem birtist í fyrrnefndum tveimur greinum, um menningarstefnu yfirvalda, um áhrif ferðamennsku og hugmyndafræði nýfrjálslyggjunar í safnastarfi, viðhorf til minnihlutahópa í safnastarfi og svo framvegis. Slík umræða gefur lesandanum færi á að skynja stóra samhengið. Virðist það fara mjög eftir bakgrunni greinarhöfundanna hverjar áherslurnar eru: umfjöllun sumra er byggð á hlutlægu sjónarhorni þess sem nálgast sögu safnsins utanfrá meðan aðrir hafa verið þátttakendur í safnastarfinu til lengri tíma og þekkja vel innra starfið. Gott hefði verið að láta stutta kynningu á öllum greinarhöfundum fylgja í bókinni. Atriðisorðaskrá hefði einnig verið vel þegin.

Helsti ljóður bókarinnar er vöntun á ítarlegum inngangi ritstjóra með yfirliti og greinandi samantekt á efni bókarinnar. Aðfararorð Sigurjóns eru rýr (meginmálið er innan við tvær



blaðsíður) og þar er látið nægja að benda í óruttu máli á helstu safnafræðilegu álitamál í tengslum við efni bókarinnar. Á hinn bóginn er ljóst að útgáfan myndar mikilvægan grundvöll frekari rannsókna. Ritstjórn hefði í sumum tilvikum mátt vera markvissari varðandi frágang greina (og raunar einnig efnisyfirlitsins). Þá vekur lengd greina spurningar um það vægi sem sum minni söfn fá í samanburði við stærri söfn, auk þess sem áherslur og efnistökmur eru afar mismunandi. Á móti kemur að saga hvers listasafns er sérstök og mikilvæg á sinn hátt: að baki býr oft ástríða og hugsjón en líka bakslag og vonbrigði. Umræða um fagmennsku í safnastarfi, húsnaðisvandráði, undirfjármögnun og skilnings- eða áhugaleysi yfirvalda gengur eins og rauður þráður í gegnum greinarnar, með tilheyrandi útlistunum á rekstarvanda, skipulagsbreytingum og tilfæringum í starfinu. Öll söfnin stríða við undirfjármögnun eða skort á einhverju sviði og eiga oft erfitt með að rækja lögbundið hlutverk sitt

til fullnustu. Sum glíma við stöðnun og sum ná ekki að hljóta viðurkenningu Safnaráðs.

Margrjetta saga listasafna hér á landi er samofin samfélagsþróun. Hún fjallar um breytingar í átt til faglegrar umgjarðar og viðhorfa til listasafnsins sem lifandi samfélagsvettvangs og þjónustustofnunar í samræmi við kröfur samtímans. Sumum liststofnunum hefur vissulega vegnað betur en öðrum og má ætla að safnrit þetta gefi tilefni til samanburðar og að aðstandendur safnanna geti í mörgum tilvikum dregið lærdóm af starfi annarra. Að lokum má segja að það sé ekki aðeins safnasamfélagið sem dregið getur gagnlegar ályktanir af yfirlipismiklu inntaki bókarinnar, heldur þjóðfélagið allt. *Saga íslenskra listasafna* endurspeglar öflugt listalíf – í senn listsköpun og listáhuga – og jafnframt frumkvæði og nýskapandi menningariðju um allt land en bendir um leið á mikilvægi þess að hlúð sé að umgjörð slíkrar iðju. Þar gegna listasöfnin lykilhlutverki.

Stígum grænu skrefin

Listinn yfir þau atriði sem söfn dagsins í dag þurfa að hafa í huga í starfi sínu er langur. Lögbundið hlutverk er margþætt, skyldur sem eigendur og samfélagið leggja söfnum á herðar bæði flóknar og fjölbreyttar. Söfn þurfa í starfsemi sinni að taka tillit til bæði nærsamfélagsins og eins samfélagsins í stærra samhengi, þar spila umhverfismál stóra rullu og hafa á síðustu árum fengið aukið vægi í starfsemi safna um allan heim. Óformleg könnun meðal nokkurra íslenskra safna sýnir að þau huga að umhverfismálum í starfsemi sinni og gæta þess að verða ekki að einhverskonar ruslaskrímslum. Það gera þau með því að flokka úrgang, endurnýta og leggja áherslu á að kaupa umhverfisvænar vörur.

Möguleikarnir til að minnka umhverfissporið eru óendanlega margir og leiðin vandrötuð. Ýmislegt hefur verið ritað um opinberar stofnanir og þær aðgerðir sem þær geta gripið til í umhverfismálum. Verkefnið Græn skref sem bæði Ríki og Reykjavíkurborg hafa boðið stofnunum að taka þátt í er metnaðarfullt og gengur út á að minnka soun og umhverfisspor í daglegri starfsemi. Allar upplýsingar um verkefnið eru aðgengilegar á graenskref.is og ekkert því til fyrirstöðu að byrja strax í dag á fyrsta skrefinu sé maður ekki nú þegar kominn af stað. Borgarsögusafn, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn

hafa nú í nokkur ár verið þátttakendur í þessu verkefni og geta miðlað af reynslu sinni. Auk þess vinna flest sveitarfélög eftir umhverfisstefnu sem stofnunum þeirra ber að tileinka sér. Því má gera ráð fyrir að fæst söfn séu byrjendur á þessu sviði og hafi nú þegar stigið mikilvæg skref í átt að minna umhverfisspori.

Markmiðin

Á síðustu árum hafa orðið til ýmsir hópar sem vinna að því að efla vitund safnamanna um hvernig sé hægt að minnka umhverfisspor safna. Hér á eftir fer stuttur listi yfir það sem söfn geta gert til að minnka umhverfisspor í daglegum rekstri. Þessi listi er byggður á spurningalista frá Sustainable Exhibitions for Museums (SEFM) sem lagður var fyrir söfn í Bretlandi árið 2008 og síðan aftur árið 2018, verkefninu *Græn skref* og Green Museum Best Practices Resource Guide.

Endurnýting þarf að verða grunnhugsun í allri starfsemi safnsins. Að allt frá vatnsglösum til veggja í sýningarsölum sé endurnýtanlegt.

Efnisval þarf að vera á forsendum umhverfisins, er hægt að finna efni sem er framleitt með umhverfisvænum aðferðum, er hægt að endurnýta eitthvað sem er til? Þetta á við um allt frá sápunni á salerninu til steinsteypu til bygginga.

Förgun þarf að fara fram á ábyrgan hátt og áður en hlutum er fargað þarf að kanna hvort einhver geti endurnýtt þá. Enginn úrgangur á að vera lokatakmarkið.

Innkaupum á að beina til aðila sem hafa græn markmið að leiðarljósi. Og gæta þess að kaupa aðeins það sem er nauðsynlegt, huga þarf sérstaklega að varningi sem er til sölu í safnverslunum og hvort hægt sé að breyta nálgun í rekstri hennar til að minnka umhverfissporið, til dæmis með því að leggja áherslu á að hlutir séu framleiddir úr lífrænum efnum en ekki plasti eða öðru sem skaðar umhverfið og vörur séu ekki fluttar um langan veg.

Orkunotkun þarf að skoða, rafmagn og vatn og gæta þess að sóa ekki orku. Lýsingu, húshitun og loftræslu þarf að skoða sérstaklega. Orkunotkun í varðveislurýmum, þar sem kröfur um raka- og hitastig erum nákvæmar, þarf að skoða sérstaklega.

Flutningum þarf að haga með umhverfisvænum hætti, velja umhverfisvænan máta, til dæmis skip í stað flugvéla þar sem því verður við komið. Samnýta ferðir á landi og velja pökkunarefni með umhverfið að leiðarljósi.

Viðburðum skal haga þannig að umhverfisspor verði sem minnst. Einnota hlutir séu framleiddir með



umhverfisvænum aðferðum. Efnisval í vinnusmiðjum byggir á hugmyndum um endurnýtingu. Í stað þess að flytja fyrirlesara milli staða með flugi taki þeir þátt í gegnum netið.

Veruleikinn

En hvernig gengur að vinna eftir þessum háleitu markmiðum? Sjálf stýri ég því sem á íslenskan mælikvarða telst vera millistór stofnun. Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar tekur á móti ríflega 20.000 safngestum árlega en um 100.000 manns heimsækja húsið og þá starfsemi sem hér fer fram. Umhverfismarkmið Hafnarborgar eru enn sem komið er ekki skrifleg en unnið er í samræmi við umhverfisstefnu Hafnarfjarðarbæjar og hafa eftirfarandi skref verið stigin.

Prentun fer fram í gegnum prentský og hefur það dregið mjög úr prentun. Öll prentun starfsmanna er sjálfkrafa stillt á báðar hliðar og prentskipanir eyðast úr kerfinu sé efnið ekki prentað út.

Sett var markmið um að fækka útsendum boðskortum og bjóða gestum upp á að vera á rafrænum boðslista. Hefur útsendum boðskortum fækkað um 15 % á síðustu þremur árum.

Allt sorp er flokkað og skilað til endurvinnslu, nema lífrænum úrgangi.

Nær allur borðbúnaður sem notaður er í húsinu fyrir starfsfólk og gesti er margnota. Til eru pappamál sem notuð eru fyrir kaffi á stærri viðburðum og eru þau umhverfisvæn framleiðsla. Reynt er að halda notkun þeirra í lágmarki.

Lögð er mikil áhersla á endurnýtingu sýningarbúnaðar, færanlegir veggir hafa verið í húsinu um árabil og sýningarborð hafa sömuleiðis verið endurnýtt árum saman. Spjöld til myrkvunar eru endurnýtt og innkaupum á efni haldið í lágmarki. Hafnarborg hefur einnig verið viljug að lána sinn sýningarbúnað til bæði sýningarstaða og listamanna auk þess að listamönnum er boðið að eiga sérsníðna hluti og afgangsefni að loknum sýningum þannig að aðeins lítill hluti fari til endurvinnslu.

Fyrir ári síðan var tekin ákvörðun um að minnka notkun á útskornum vinstöfum og prenta í staðinn á pappír sem framleiddur er með umhverfisvænum aðferðum. Sá pappír er síðan endurunninn að lokinni notkun.

Hugað er að orkunotkun og gætt að því að hafa slökkt ljós í sýningarsölum utan opnunartíma. Lýsingarbúnaður er orðinn úreltur og verður nýr búnaður valinn með umhverfisspor í huga, bæði verður hugað að orkunýtingu og endingu við val á nýjum búnaði.

Núverandi búnaður hefur dugað í yfir 30 ár – með peruskippingum. Yfirlýstur líftími á nýjum búnaði er 12 ár án peruskipta.

Hugað er að orkunotkun loftræsikerfis og slökkt á þeim hlutum kerfisins sem ekki þarf nauðsynlega að vera kveikt á.

Hafnarborg lætur ekki framleiða neinn söluvarning annan en sýningar-skrár. Það sem er til sölu í safnverslun er aðeins póstkort og plaköt af lager safnsins auk bóka um myndlist. Reynt hefur verið að minnka prentefnislager markvisst á undanförunum árum og prentun á nýju efni er haldið í lágmarki. Gætt er sérstaklega að því að panta ekki meira upplag en þörf er á hverju sinni.

Reynt er að stilla akstri á vegum stofnunarinnar í hóf, til dæmis með því að nýta ferðir til og frá vinnu til innkaupaferða og funda. Flutningar á verkum eru skipulagðir þannig að ferðir samnýtist. Flutningar á verkum erlendis frá eru fátíðir en þar getum við samt tekið okkur á og notað frekar skipaflutninga en flug, sé það mögulegt.

Við vinnslu þessarar greinar áttaði ég mig á fjölmörgum þáttum sem við í Hafnarborg getum gert betur. Næstu skref hér verða að eiga gott samtál við starfsfólkið um hvað við getum gert og gera stefnuna skriflega. Við þurfum að skoða betur sorpmál stofnunarinnar og þá sérstaklega hvað verður um lífrænan úrgang. Við undirbúning á nýju geymslunæði munum við leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og við val á nýrri lýsingu verður hugað sérstaklega að umhverfisþáttum – bæði orkunotkun en einnig líftíma og framleiðslu. Listinn er langur en það er mikilvægt að byrja og stíga grænu skrefin.

Ágústa Kristófersdóttir,
forstöðumaður Hafnarborgar

130 verk úr safneign Listasafns Íslands

Höfundar: Dagný Heiðdal, Halldór Björn Runólfsson, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Rakel Pétursdóttir & Steinar Örn Erluson.

Harpa Þórsdóttir skrifar aðfaraorð og Halldór Björn Runólfsson formála.

Listasafn Íslands. Reykjavík 2019. Bls 288.

Nöfn listamanna og verkalisti. Bókin er á íslensku og ensku.

Ritnefnd: Dagný Heiðdal, Halldór Björn Runólfsson, Steinar Örn Erluson, Svanhildur Franklínisdóttir

Titill bókarinnar *130 verk úr safneign Listasafns Íslands* er lýsandi. Hún hefur að geyma eitthundrað og þrjátíu verk eftir jafnmarga listamenn, íslenska og erlenda. Árið 2014, í tilefni 130 ára afmælis Listasafns Íslands, var ákveðið að undirbúa rit sem gæfi innsýn inn í gersem- ar þjóðar. Valið var ekki einfalt, heildarsafneign náði yfir ríflega 11.000 verk, þar af um 1.100 eftir 400 erlenda listamenn. Ákveðið var að raða verkunum eftir tímalínu þó ekki yrði fylgt út í hörgul að sýna eitt verk fyrir hvert ár. Markmiðið var að velja verk sem sýndi þróun safneignar Listasafns Íslands, sam- setningu hennar og fjölbreytileika.

Bókin er stílhrein og aðgengileg. Sjálfstæðar og hnitmiðaðar greinar gefa upplýsingar um hvert verk í samhengi samtíma þess. Fjallað er um hvern listamann á einni opnu,

texti á íslensku og ensku til vinstri og ljósmynd af verkinu til hægri ásamt grunnupplýsingum. Nafni verksins er gefið aukið vægi með því að skrifa það ofar nafni listamannsins.

Halldór B. Runólfsson ritar í formála að útgáfan sé hugsuð sem kyn- ingarit fyrir gesti safnsins, líkt og þær bækur sem hægt er að nálgast í erlendum söfnum. Sem slík er hún verðmætt yfirlit bæði fyrir Íslendinga og enskumælandi gesti. Segja má að tímalínan geri lesandanum auðvelt fyrir að tengja listaverkin sögu Íslands og mann- kynssögunni. Myndmálið túlkar stærra samhengi.

Það er athyglisvert að rýna í hvernig safnkosturinn hefur verið byggður upp í gegnum árin. Listasafnið var stofnað árið 1884 en það var ekki fyrr en upp úr aldamótunum 1900 að það eignaðist sitt fyrsta íslenska listaverk, *Útlagann* eftir Einar Jónsson. Fyrsta íslenska málverkið, *Áning* eftir Þórarinn B. Þorláksson, kom í safneignina árið 1911, 27 árum eftir stofnun Listasafnsins. Margar spurningar vakna um viðfangsefni og tækni, hlutfall kvenna og karla, og erlendra listamanna. Það má líka velta fyrir sér hvort hefði mátt taka fram hvaðan þessir völdu listamenn eru ef talað er um fjölbreytileika. Í íslensku samhengi var oft spurt: „Hverra manna ertu? Hvaðan ertu?“ Eiga spurningarnar enn við í okkar nútímaþjóðfélagi? Uppruni listamannanna er oft nefndur í umfjöllun um eldri listamennina en þá yngri. Meiri áhersla er lögð á að staðsetja þá innan listasögunnar,

hvar þeir hafi lært og hvaða áhrifa- valdar eru sýnilegir í verkum þeirra. Þeir eru settir í samhengi við helstu listastefnur vestrænnar myndlistar; sürrealismann, kúbismann, ex- pressionisma, symbolisma, Art Nou- veau, Konstruktívisma, rómantik og popplist m.a.

Greinarnar hvetja lesandann til að mynda sínar eigin tengingar og hug- leiðingar um samtal listar og þjóð- félagsins, hvaða tilgang listin hefur. Saga landsins er skoðuð í gegnum listasöguna – samhengið við lífs- hætti og atvinnumál, stöðu kvenna í verki Ragnheiðar Jónsdóttur, 24. október og Fiskikonur Hildar Hákonar- dóttur, manninn í samfélagi við aðra og umhverfið eins og í *Glerrregni* Rúríar. Upphaf íslenskar listasögu er líka dregið fram með verki Þórarins B. Þorlákssonar, *Áning*. Um hann er sagt að „list hans tilheyrir fyrsta tímabili í íslenskri myndlistarsögu 20. aldar sem kennt er við starf frumherjanna og tengist hugmynda- fræðilega sjálfstæðisbaráttu þjóðar- innar og uppbyggingu nýs samfé- lags.“ Auk þess er vakin athygli á brautryðjendastarfi íslenskra lista- manna eins og Ásgerðar Búadóttur með textílverkinu *Skarðatungl*.

Leikurinn beinist að lesandanum og hann er hvattur til að virða fyrir sér verkin og um leið velta nærum- hverfi sínu fyrir sér. Hvað liggur að baki myndlistar eins og *Umhverfis skúlptúrs* Kristjáns Guðmundssonar eða *Íslenskri myndlist* Þorvaldar Þor- steinssonar. Frumkvöðull safnsins og velunnari, Björn Bjarnarsonar (1853–1918) taldi að söfn væru ekki



einungis almenningi til skemmtunar heldur jafnframt til fróðleiks og þar með væru þau kjörinn vettvangur sjálfsmenntunar og hvati til enn frekari menntunar. Í aðfaraorðum sínum óskar Harpa Þórsdóttir, núverandi safnstjóri Listasafns Íslands, þess að bókin verði almenningi þekkingarbrunnur um myndlist sem og nýtist til kennslu í íslenskri listasögu, mikil rannsókn liggi að baki hverri grein. Án efa gerir hún það. Bókin dregur vissulega fram sögulegar staðreyndir en án þess þó að vísa í heimildir, hvorki beinar né óbeinar. Þess er saknað að engin heimildaskrá er í bókinni, sem er jú skilyrði fyrir allri akademískri rannsókn. Ber að hafa það í huga því stíllinn er ekki alltaf jafn agaður hjá greinarhöfundum.

Eins og fram hefur komið vekur ritið upp fjölda spurninga og ekki síst um hlutverk Listasafns Íslands í þátið, nútíð og framtíð. Formáli Halldórs B. Runólfssonar er í því samhengi markviss og fræðandi. Skoðun hans á hlutverki Listasafns Íslands ýtir undir frumhugsun Björns Bjarnarsonar um að fræða íslensku þjóðina um myndlist, bæði erlenda og innlenda. Halldór leggur rök fyrir því að þó nafn safnsins sé Listasafn Íslands megi það ekki einskorða sig við þá stefnu að kaupa aðeins inn myndlist eftir íslenska listamenn, slíkt væri að „vængstýfa mikinn hluta safneignar Listasafns Íslands.“ Hún spannar nefnilega margar aldir. Þar megi m.a. finna teikningu eftir Ítalann Giulio Romano (1499–1546) nemanda Rafaels (1493–1520) og teikningar eftir bandaríska mynd-

höggvarann Richard Serra (1939–) af risaverkinu *Áfangar* frá 1990 í Víðey. Þá má líka finna austurlenskar smámyndir sem auka enn frekar á vídd safneignarinnar. Þessi breidd gerir Listasafn Íslands frábrugðið öðrum söfnum í landinu og einstakt.

Það er flókið verk að skrifa söguna; hver dregur hana saman og frá hverju vill sagnfræðingurinn segja. Sem fræðandi kynningarrit, opnar *130 verk úr safneign Listasafns Íslands* huga lesandans og hvetur hann til að búa til tengingar, við samfélagið og myndlistina, ný sjónhorn og skilning á sögunni. Listamennirnir sýna í verkum sínum margbreytileika samfélagsins og hverfuleika tímans. Skilaboð sem beint er til allra og eykur skilning á fjölbreytileika tilverunnar.

Sjálfbærni í varðveislu og forvörslu

Þegar rýnt er í hugtakið sjálfbærni, verður safnmanninum ljóst að söfn eru líklega þær stofnarnir sem hvað lengst hafa unnið með sjálfbærni að leiðarljósi, enda á safnkostur lögum samkvæmt að varðveitast og nýttast til framtíðar. Hægt er að rannsaka og sýna sömu gripina aftur og aftur í mismunandi samhengi. Hér hljóta söfnin að vera fyrirrennarar í átt að betra samfélagi þar sem endurvinnsla skiptir æ meira máli.

En þegar litið er til kostnaðar við sýningu og varðveislu safngripa, kemur annað upp á teninginn. Hvað kostar að sýna og varðveita sífellt stækkandi menningarfinn? Á kíló, á rúmmetra, á ári, eða jafnvel öld? Af hverju er sífellt dýrara að setja upp sýningar og hanna góðar geymslur? Getur varðveisla safngripa verið sjálfbær og umhverfisvæn í takt við kröfur nútímans? Þetta eru spurningar sem við verðum að velta

fyrir okkur til að reyna að finna jafnvægi á milli hlutverks safna og reksturs þeirra. Hægt er að ná árangri á öllum sviðum með því að meta stöðuna og rýna í þau at-riði sem við treystum okkur til að breyta. Þetta er gert á sama hátt og þegar heimili tekur af skarið um að minnka sóun og flokka ruslið.



Plastumbúðir fyrir fornleifafundi



Plastumbúðir fyrir langtímarvarðveislu ljósmyndafilma

Söfnin geta til dæmis

- Safnað minna og grisjað fyrirbyggjandi safnkost
- Endurnýtt betur búnað sem verður til við sýningagerð
- Lengt sýningartíma dýrra sýninga og lagt áherslu á að nýta þær betur með því að skipuleggja viðburði í tengslum við þær
- Lánað sýningar og gefið þeim þannig framhaldslíf
- Dregið úr prentun bæklinga og annars kynningarefnis
- Minnkað orkunotkun með því að endurnýja lýsingarbúnað
- Lækkað hitastig í geymslum þar sem það á við
- Lengt tímaramma áætlunar bæði á sviði sýninga og varðveislu t.d. 5 ára plan fyrir sýningar og 20 ára plan fyrir varðveislu
- Verið til fyrirmyndar og vakið athygli gesta á aðgerðum þess í þágu sjálfbærni

Flest söfn fara nú þegar eina eða fleiri af þessum leiðum. Sum hafa tekið *græna skrefið*¹ sem snýr að rekstrarhluta stofnananna. Víða um heim eru söfn hvött til að reikna út kolefnispor² sín og finna leiðir til að kolefnisjafna þau.³ ICOM vinnuhópur um sjálfbærni mun kynna í haust nýjar leiðbeiningar til að hjálpa söfnum að ná þessu markmiði.⁴

Sjálfbærni og langtímavarðveisla eiga margt sameiginlegt. Í báðum tilfellum er horft til framtíðar á tíma- tengdan og hagkvæman hátt og tekið mið af því hvað ákvörðunin gæti haft í för með sér, til lengri eða skemmri tíma.⁵ Sjálfbær varðveisla miðar að jafnvægi á milli kröfunnar um að uppfylla bestu skilyrði fyrir varðveislu menningarfs og kröfunnar um hagkvæmni í rekstri safna hvað varðar t.d. efnis- og orkunotkun.⁶

Til að ná árangri verður að vera samspil á milli eftirtalda þátta: Þekkingar um hrörnun safnskots og varðveisluskilyrði hans, túlkun varðveislustaðla, efnisval m.t.t. umbúða, hagsýni og endurvinnslu.

Umbúðir fyrir safngripi

Umbúðir verja gripina fyrir ljósi, ryki, mengun, snertingu, hnjaski og draga úr áhrifum umhverfisbreytinga, sérstaklega raka- breytinga. Endurnýjun umbúða er mikilvægur liður í forvörslu gripa af ýmsum gerðum gripa.

Sem dæmi má nefna umbúðaskipti ljósmynda/filma sem getur verið viðamikil verkefni. Söfn þurfa að reikna kostnað við að skipta um umbúðir (vinnutíma, efniskostnað) og hversu langur tími mun líða áður en nauðsynlegt verður að skipta um þær

á nýjan leik (10–30 ár eða lengur?). Val umbúða byggist á efnastöð- ugleika þeirra ásamt því hversu vel þær eru tilþess fallnar að bæta varðveisluskilyrði gripa. Þær geta einnig orðið til þess að bæta aðgengi að safngripunum (t.d. gegnsæjar plastmöppur *versus* ógegnsæ pappírs- umslög). Í þessu tilfelli væri sjálfbært að velja umbúðir sem endast lengst (efnafræðilega stöðugar) – en væri það pappírinn eða plastið? Hvort efnanna verður hægt að endurvinna eftir 30–50 ár?

Gæði efna í umbúðum hefur áhrif á líftíma þeirra en umhverfisskilyrði í geymslunum þar sem umbúðirnar og safngripirnir eru varðveittir (hita- og rakastig, mengun) hafa einnig áhrif á efnasamskipti þeirra á milli. Því verður að taka tillit til þessara atriða þegar nýjar umbúðir verða fyrir valinu. Til að auka sjálfbærni í varð- veislu safngripa er nauðsynlegt að skoða fyrst umhverfisskilyrði þeirra. Til dæmis ef hitastigið er of hátt (segjum yfir 20 gráður að meðaltali) í ljósmyndageymslum verða efnahvörf meiri og líftími gripa og umbúða því styttri.


Umhverfisskilyrði fyrir safngripi og orkunotkun

Síðustu 50 árin hafa forverðir veitt söfnum ráðgjöf um umhverfisskilyrði sem byggist á vísindarannsóknunum sem stærstu safnarannsóknastofur heims hafa stundað á niðurbroti safngripa. Nákvæmir staðlar hafa verið gefnir út varðandi hita og hlutfallslegt rakastig fyrir alla efnis- flokka í þeim tilgangi að fyrirbyggja skemmdir og hægja á niðurbroti safngripa. Söfnin hafa verið hvött til að bæta umhverfisskilyrði gripa bæði í sýningarsölum og í geymslum, t.d.

með því að setja upp loftræstikerfi og forðast raka- og hitasveiflur. Orkunotkun hefur aukist í samræmi við þessar úrbætur með þeim af- leiðingum að rafmagnskostnaður er orðinn stór liður í útgjöldum safna. Frekari rannsóknir hafa leitt í ljós að hægt er að endurskoða staðlana og gefa önnur viðmið.⁷ Í staðinn fyrir að mæla með æskilegu rakastigi (+/-5%), er frekar mælt til þess að söfnin leitist við að forðast öfgar. Sem dæmi má nefna að ásættanlegar sveiflur í rakastigi, þegar um lífræn efni⁸ er að ræða, geta verið á milli 45% og 60%, en ef þær fara yfir 65%, er hætta á myglu. Skalinns fyrir sveiflur í þessu tilfelli er þá 15 %.⁹ Í öllum tilfellum verður hvert safn að skoða árstíða- sveiflur, tegund og ástand safnskots og húsnæðis til að geta fundið bestu mögulegu varðveisluskilyrðin. Reglulegar mælingar og söfnun gagna eru ómissandi þáttur í að hrinda í framkvæmd áætlun um sjálfbæra varðveislu og það getur tekið nokkur ár að finna þær lausnir sem henta hverju safni fyrir sig.

Leiðbeiningar til sjálfbærrar varðveislu

Stærstu varðveislustofnanir heims hafa hafist handa við að gefa út leiðbeiningar eða leiðarvísa til að hjálpa söfnum við að innleiða sjálfbæra varðveislu. Flest þessara rita eru aðgengileg á netinu. Meðal þeirra má nefna tvær handbækur sem bandaríska rannsóknastofan, Image Permanent Institute, gaf út: IPI's Guide to Sustainable Preservation Practices for Managing Storage Environments (2012) og IPI's Methodology for Implementing Sustainable Energy-Saving Strategies for Collections Environments (2017). Stofnunin heldur auk þess út heima-



síðunni Sustainable Preservation Practices (<https://ipisustainability.org/>) þar sem nálgast má nýjustu upplýsingar um sjálfbæra varðveislu og upplýsingar um námskeið fyrir safnafólk. Bandaríska stofnunin The American Institute for Conservation of Historic and Artistic Works (AIC) hefur sett á fót *the Sustainability Committee* í sama tilgangi. Þá hefur stofnunin, Canadian Institute for Conservation (CCI), nýlega opnað vefsíðu um sjálfbærni í varðveislu safngripa: <https://www.canada.ca/en/services/environment/conservation/sustainability.html>

Lokaorð

Það er áskorun að varðveita menningarfinn til framtíðar en honum þarf að safna á meðvitaðan hátt og taka tillit til möguleika hans til langtíma varðveislu. Eins og staðan er í dag, er safnkosturinn á Íslandi líklega of stór til þess að raunhæft sé að varðveita hann á sjálfbæran hátt. Mikilvægt er að skoða safnkostinn sem heild og sýna aga í söfnunarstefnu því óraunhæft er að ætla sér að allir safngripir sem söfnin varðveita í dag skili sér í óbreyttu ástandi til komanda kynslóða. Með samhæfðum aðgerðum getum við fært núverandi ástandi til betri vegar.

Heimildir

- 1 <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/graen-skref/>
- 2 Lauren Styx, Museums and the art of environmental sustainability, January 30, 2019: <https://www.museumnext.com/article/museums-and-the-art-of-environmental-sustainability/>
- 3 <https://unfccc.int/climate-action/climate-neutal-now>
- 4 Ráðstefna ICOM, Tokyo, Japan, september 2019.
- 5 Field, Barry C. (2016). *Natural Resource Economics: An Introduction*. Waveland Press.
- 6 <https://ipisustainability.org/>
- 7 Environmental Guidelines, ICOM-CC and IIC Declaration (2014): <http://www.icom-cc.org/332/-icom-cc-documents/declaration-on-environmental-guidelines/#.XUWJHeieTI>
- 8 Viðmið: RH: 50 % (+/-5%),

Nathalie Jacqueminet forvörður

Frakkar senda brot af Parthenon til Grikklands

Brot af lágmynd af Parthenon, sem verið hefur í Louvre í meira en 200 ár, verður nú lánað til Aþenu í skiptum fyrir gríska forngripi. Samningurinn er talinn marka tímamót í baráttu Grikklands fyrir að endurheimta Elgin Marbles frá British Museum. Macron forseti Frakklands samþykkti í ágúst að lána Parthenon brotið eftir viðræður við Kyriakos Mitsotakis, forsætisráðherra Grikklands. Um er að ræða tímabundin skipti.

Brot Louvre af Parthenon-lágmyndinni er frá 5. öld f.Kr. úr einni af 92 marmara myndum, sem skreyttu efri hluta hins forna musteris á

Akropolishæð. Flestar hinna upprunalegu mynda eru nú glataðar, ein er varðveitt í Akropolis safninu, önnur í Louvre og 14 í British Museum, sem hluti af safni sem Elgin lávarður flutti til Bretlands snemma á 19. öld.

Brotið sem Louvre varðveitir fann franskur diplómat við Parthenon árið 1798 og sýnir það bardaga milli manna og kentára. Í skiptum fá Frakkar safn af fornum bronsmunum sem stjórnvöld í Aþenu höfðu samþykkt að senda til Parísar árið 2005 en hætt við eftir að Frakkar neituðu að beita þrýstingi á British Museum um að skila Elgin Marbles.

Pegar Macron komst til valda hóf hann stóra úttekt á herfangi nýlendutímans, og hefur staðið fyrir því að gripum hefur verið skilað til upprunalanda sinna, ráðstöfun sem mörg leiðandi söfn annars staðar hafa staðið gegn.

British Museum hefur verið í fremstu röð í þeirri andstöðu og haldið því fram að ókeypis aðgangur laði að milljónir gesta á hverju ári víðsvegar frá og geri söfn forngrískra meistaraverka aðgengileg almenningi í samhengi heimssögunnar.

Endursögð grein úr The Times frá 26.08.2019

Hælið - berklasetur á Kristneshæli

Í starfmannahúsi á Kristneshæli í Eyjafirði hefur nú verið opnað setur um sögu berklahælisins í Kristnesi og fólksins sem þar dvaldi. María Pálsdóttir leikkona og frumkvöðull hefur borið hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd og stóð vaktina sjálf í hjúkrunarkvennabúning þegar útsendari Kvists átti leið um. Sett hefur verið upp sýning þar sem fjallað er um sögu hælísins og sjúkdóminn sjálfan en aðaláherslan er þó á sögur einstaklinganna sem dvöldust á hælínu til lengri og skemmri tíma. Sögur um bata og sögur um harmdauða leiða gesti í gegnum húsakynninn, og eru þær sagðar í gegnum lesnar frásagnir, unna texta, ljósmyndir og afrit af einkabréfum sem láta engan ósnortinn. María fékk gripi til sýningarinnar úr fórum sjúkrahússins á Akureyri auk þess sem samstarf við Minjasafnið á Akureyri gerði henni kleift að fá lánaða gripi frá Þjóðminjasafni. Undirbúningurinn var fjármagnaður með eigin framlagi Maríu auk styrkja frá Sóknaráætlun, Atvinnusjóði kvenna, einstaklingum og fyrirtækjum. Mikilvægasta framlagið að sögn Maríu eru þó allar þær sögur, myndir og munir sem almenningur hefur látið henni í té. Kvistur óskar Hælinu góðs gengis.

Nýtt þjónustu- og geymsluhús Byggðasafns Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga fékk íslensku safnaverðlaunin árið 2002 fyrir sérbyggt þjónustu- og geymsluhús á Eyrarbakka. Það hús fullnægir ekki lengur þörfum safnsins og nú hefur eigandi þess, Héraðsnefnd Árnesinga, fest kaup á fyrrum iðnaðarhúsi í námunda við gamla þjónustuhúsið fyrir safnið. Húsið sem er byggt í áföngum er alls 1703 fm. Gerðar verða nauðsynlegar endurbætur á því áður en það verður tekið í notkun. Þjóðminjasafn Íslands mun leigja hluta hússins undir fjargeymslu.

Þegar of miklu hefur verið safnað

Hverri kynslóð þykir nokkuð ávinnast í viðfangsefnum líðandi stundar. Safnstörfín eru ekki undanskilin mælistikum árangurs og markmiða. Áhuga-svið starfsfólks á hverjum tíma enduspeglast í skráðum aðföngum.

Atvinnulíf og lífshættir breyttust verulega þegar líða tók á 20. öld. Á seinustu áratugum hennar hófst umfangsmikil söfnun tækniminja til Þjóðminjasafns Íslands. Safnað var ökutækjum, búvélum, dráttarvélum, bátavélum og öðrum tæknimínum. Stefnt var á að stofna öflugt safn sem gæti t.d. fengið heitið Tæknimínjasafn Íslands. Mikilvirkust varð söfnunin á árunum frá 1980 og fram undir aldamótin 2000. Mikið var á sig lagt við að afla fanga og flytja þau um langan veg. Umtalsverðu fé var varið í húsnæðiskostnað undir minjarnar. Þá tókst að bjarga mörgum góðum gripnum frá glötun. Tíminn átti hins vegar eftir að leiða í ljós að áhugi á söfnun bæði gripa og þekkingar stakk sér víða niður. Önnur söfn og einkasafnarar tóku til við sama viðfangsefnið. Tíminn leið frá áformum um að rekin yrðu í landinu öflug sér-söfn. Aðrar lausnir urðu ofan á.

Tæknimínjar eru varðveittar í mörgum menningarsögusöfnum landsins og áhugi og elja félagasamtaka og einstaklinga á þessu söfnunarsviði eru mikil. Þeir aðilar hafa þekkingu til þess að meta varðveislugildi og viðhalda tæknimínum og halda í þeim lífi. Tíminn hefur sýnt að söfnin eiga erfitt uppdráttar að þessu leyti.

Við mótun nýrrar stefnu í varðveislu tækniminja í Þjóðminjasafni Íslands, sem svo kröftuglega hafði verið safnað um árábil, var tekið til íhugunar hvað væri gerlegt í náinni framtíð, hversu megnugt þjóðarsafn gæti orðið í málaflokknum og hvaða möguleikar væru í stöðunni til að tryggja gripavarðveislu og þekkingu þeim tengda til komandi kynslóða.

Óhjákvæmilegt er að líta til þess hvernig er farið að í löndum sem við berum okkur saman við. Öll söfn standa frammi fyrir því að móta starfið til framtíðar. Sívaxandi krafa um virkni, sýnileika og hagkvæmni hefur ýtt við söfnum um allan heim að leita leiða til þess að skorda af starfsemi sína og halda sig við setta stefnumörkun. Þá verður að horfast í augu við að mörg söfn þurfa að fara yfir safneignina, meta gildi hennar í tíma og rúmi. Í Bandaríkjunum eru meira að segja málefni listasafna til umræðu.¹ Hið sama gildir um dönsk söfn þar sem undanfarna áratugi hefur verið hagrætt verulega í safna-rekstri og mikið rætt um aðferðir og leiðir til útvistunar og grisjunar.² Það er viðurkennt að yfirferð og endurmat gildis safnkosts er kostnaðarsamur verkþáttur, sem víðast hamlar því að fólk aðhafist nokkuð í grisjun.

Aðdragandi að útvistun og grisjun 20. aldar tækniminja í Þjóðminjasafni Íslands var sá að sumurin 2010 til 2012 naut safnið starfskrafta háskóla-stúdenta með aðkomu Vinnamála-stofnunar við að yfirfara og taka saman lista og ljósmynda gripi sem varðveittir höfðu verið í geymslum

safnsins á höfuðborgarsvæðinu. Hluti þeirra hafði verið skráður en megninu var safnað saman og geymt án eiginlegrar skráningar. Ætlunin var að skrá gripina síðar, þegar frekar skýrðist með stofnun tæknimínjasafns.

Á grundvelli stefnumörkunar um útvistun eða grisjun og með tilliti til siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM) um að söfn taki ekki við gripum nema þau geti tryggt varðveislu þeirra og öryggi, var ákveðið að fyrsti liður væri að kanna áhuga og getu viðurkenndra safna hvort þau gætu tekið til sín gripi samkvæmt samkomulagi um milli-safnalán til langs tíma. Fjórum söfnum var þannig falin varðveisla samtals 10 búvéla og bíla til framtíðar. Næst var leitað til einkasafna og þeim falin varðveisla 5 tækja með sérstöku samkomulagi. Eftir það var efnt til gjöfils samstarfs við þá sem þekktu til ökutækja og véla, áttu sambærilega gripi eða varahluti, sinntu viðhaldi og/ eða endurgerð véla. Þannig fóru 13 gripir úr vörslu safnsins auk óskráðra varahlutalagera og fylgihluta.

Í verkinu var mikilvæg ráðgjöf Þórs Magnússonar fyrrum þjóðminjavarðar sem þekkti til tæknimínjanna. Efnt var til samtals við áhuga- og kunnáttufólk í málaflokknum, bæði safnmenn og aðra sem voru reiðubúnir að leggja málinu lið með góðum ráðum. Fjöldi manna átti beina aðkomu með því að veita viðtöku gripum sem þegar eru til í viðurkenndum söfnum og/ eða dæma aðra ónýtilega vegna lélegs ástands. Kunnátta og geta áhugamanna um varðveislu véla hefur aukist. Aðstæður til að útvega varahluti hafa gjörbreyst og menn verja tíma til þess að lappa upp á illa farna vélahluta. Flestir útvega þá frá útlöndum með ljóshraða.

Lilja Árnadóttir,
sviðsstjóri munasafns í Þjóðminjasafni



Við upphaf yfirferðar sumarið 2012.

Grisjun safnkosts

Þegar kom að því að grisja safnkostinn var að ýmsu að huga og gat það verið töluvert flókið mál. Eitt af því sem þurfti að hafa í huga var lagaumhverfið. Förgun safngripa hér á landi fellur undir safnalög en þar segir um viðurkennd söfn: „Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir. Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.“³ Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk gagnvart höfuðsöfnum: „... að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa.“⁴ Sennilega mætti útfæra lagarammann nánar eða a.m.k. taka saman greinargóðan leiðarvísi. Ágæt handbók þar að

lútandi var gefin út í Svíþjóð fyrir tveimur árum, svo dæmi sé tekið.⁵

Fyrsta reglan við alla grisjun er að hafa góða yfirsýn yfir safnkostinn eða með öðrum orðum, „maður verður að vita hvað er til til þess að geta fargað“⁶. Áður hefur verið sagt frá yfirferð háskólastúdenta á „tækniminjasafninu“ sumurin 2010–2012 og gerð lista þar að lútandi. Þessu til viðbótar má nefna lista yfir svo kallað „loftskeytasafn“ frá fyrri árum og reyndust báðar þessar skrár ómetanlegar við okkar vinnu. Reyndar þurfti að tölvusetja seinni listann áður svo að hún kæmi að fullu gagni. Þá er ótalin persónuleg þekking starfsmanna á safnkostinum.

Annað atriði sem lagt var til grundvallar var að horft var á landið sem eitt safnasvæði. Þetta innibær að ef til voru mörg sams konar eintök á öðrum söfnum og í „tækniminjasafninu“ var talið óhætt að láta þau frá sér, með vissum undantekningum þó þar sem í vissum tilfellum gátu munir

haft eigið varðveislugildi vegna sögu sinnar. Það var ekki talið nægjanlegt að hafa einungis sýn yfir safnkost Þjóðminjasafns/„tækniminjasafns“ heldur allra minjasafna í landinu, eftir því sem hægt var. Helsta hjálparhellan við þessa vinnu var menningarsögulegi gagnagrunnurinn Sarpur, sem flestöll söfn landsins eiga aðild að. Kom þá í ljós eins og svo oft áður hve frábært vinnutæki hann er, þótt myndefni hefði mátt vera mun meira.

Segja má að flett hafi verið upp nálega hverjum hlut og kom þá margt forvitnilegt í ljós. Til dæmis eru um 240 ritvélar til á íslenskum söfnum, um 350 útvarpstæki eða munir sem tengjast útvarpstækjum, 190 talstöðvar, 190 straumbreytar, 174 sendar og yfir 600 símar eða munir sem þeim tengjast og þannig mætti lengi telja. Allt þetta var tekið með í reikninginn þegar verið var að meta varðveislugildið. Ígrunduðu úrvali haldið eftir og flutt í nýjar geymslur ÞMS í Hafnarfirði, en öðru útivistað eða fargað.

Grundvallaratriði var að halda upplýsingum um sjálfa grisjunina til haga og að færa nákvæmt bókhald yfir hana, eða eftir því sem unnt var. Þannig voru haldnar nokkrar mismunandi skrár, ein yfir gripi sem var útivistað og hvert gripirnir fóru, ein yfir númeraða gripi sem var fargað og ein yfir þá sem var haldið eftir. Fjöldi hluta var ónúmeraður og lágu engar upplýsingar fyrir um þá. Skrá var ekki haldin yfir þessa muni en teknar voru af þeim yfirlitsmyndir. Mörgum af þessum munum var útivistað en einnig fargað.

Gríðarlegur fjöldi tækja var í „loftskeytasafninu“ og mörg eins eða mjög svipuð, sem þar að auki áttu velflest uppruna sinn að rekja til Landhelgisgæslunnar. Ekki var talin ástæða að varðveita til framtíðar mörg eintök af því sama og þess

vegna um verulega grisjun að ræða eftir að öðrum aðilum hafði verið gefinn kostur að fá til sín gripi og tekin frá tæki fyrir Þjóðminjasafnið.

Í „tækniminjasafni“ voru fyrst og fremst vélar af ýmsu tagi, sérstaklega bátavélar, sumar góðar en aðrar ekki, ökutæki í fremur góðu ástandi en líka bílhrað, skurðgrafa, jarðbor, risastór gufuvél, dælur, margs konar vélarhlutar, varahlutir, stimplar, síur, skrúfur, öxlar, stýri, rafmagnstöflur, púströr, perur, útvarpstæki, sjónvarpstæki, naglar, rær, straumbreytar, flugminjar, vindmyllur, margir kassar fullir af drasli og næstum allt milli himins og jarðar í mismiklu magni sem ekki er hægt að telja upp hér. Mörg eintök voru af flestum hlutum og lá fyrir frá upphafi að það yrði að velja og hafna. Það hefur alltaf verið fargað á söfn-

um, en með mismunandi hætti, sérstaklega á bóka- og skjalasöfnunum.⁷ Íslensk minjasöfn hafa hingað til aðeins grisjað í litlum mæli en aldrei með jafn skipulegum og stórtækum hætti og hér um ræðir.

Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur
þjóðhátta í Þjóðminjasafni



Hálfnað er verk þá hafid er. Grisjunin vel á vegi.



Vauxhall Viva fluttur í Samgöngusafnið í Skógum. Félagar í Flugbjörgunarsveitinni á Hellu önnudust flutninginn í apríl 2016.

Niðurstöður

Yfirferð tækniminja í Þjóðminjasafni Íslands tók langan tíma og var kostnaðarsöm. Hún var þjóðþrífaverk og sýndi svo ekki verður um villst að heppilegast er að grisja samhliða söfnun.

Með ráðstöfnun 20. aldar tækni-minja sem unnin var á árunum 2015–2019 náðist áfangi sem getur vísað veginn við að leysa vanda margra safna. Mörg söfn varðveita ofgnótt af gripum sem hægt er að rökstyðja að ekki sé þörf á að varðveita með tilheyrandi kostnaði um alla framtíð.

Í ljós kom að söfnun fyrri áratuga var ekki til einskis unnin. Gripir komust í hendur hlutaðeigandi safna, komust í rétt faglegt samhengi, fylltu í skörð eða nýttust til viðgerða eða öðludust líf á nýjan leik.

Samkomulag sem gert var í hverju tilviki tryggir að Þjóðminjasafn Íslands getur átt aðkomu að ráðstöfun til þriðja aðila þurfi móttakandi að láta grip frá sér.

Það er auðvelt að missa stjórn í söfnunarstarfinu og það er krefjandi að takast á við úrvinnslu nokkrum áratugum síðar.

Hver kynslóð safnmanna skyldi huga að verkum fyrri kynslóða og ígrunda reglubundið hvað til er fyrir og hverju skal við bæta.

Mikilvægt er að söfnunar- og grisjunarstefna sé endurskoðuð og uppfærð með ákveðnu árabili. Mikilvægt er að vanda til verka. Leita ráða, skoða safneignir og eiga í samvinnu við þá sem best til þekkja.

Nauðsynlegt er í þessu sem öðru að safnmenn fari eftir lögum og reglum varðandi söfnun, grisjun, varðveislu og miðlun.

Heimildir

- 1 R. Pogrebin. Tekið af vef 9.8. 2019: <https://www.nytimes.com/interactive/2019/03/10/arts/museum-art-quiz.html?action=click&module=Features>ype=Homepage>
- 2 Winther, Ole: Gammelt skrammel? Danske Museer, Nr. 3 August 2018, bls.20 – 25.
- 3 Safnalög 2011 nr. 142 28. september, 17. gr. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>. Skoðað 6. september 2019.
- 4 Safnalög 2011 nr. 142 28. september, 7. gr. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>. Skoðað 6. september 2019.
- 5 God samlingsförvaltning – stöd för museer i gallringsprocessen. Riksantikvarieämbetet 2017. <http://kulturavrsdata.se/raa/samla/html/11542>. Skoðað 9. september 2019. – Hugsanlega mætti þýða og staðfæra þennan bækling.
- 6 Haft eftir Þorvaldi Böðvarssyni. Hádegisfyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands 3. september 2019. 3. september 2019. Þorvaldur var að tala um skráningu í Sarp. Sjá t.d. Museer har alltid gallrat – på olika sätt.... Remissvar på betänkandet (SOU 2015:89) Ny Mu seipolitik. <https://www.regeringen.se/49650a/contentassets/448b4da1801249f594ef9e38fec18c0c/murberget-lansmuseet-vasternorrland.pdf>. Skoðað 9. september 2019.

Lilja Árnadóttir,
sviðsstjóri munasafns í Þjóðminjasafni

BROSIR JURTAVAL

Sölvi Helgason og William Morris að Kjarvalsstöðum

Það er blómlegt andrúmsloftið að Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Í Vestursal blasir við margvíslegt foldarskart Sölva Helgasonar í bland við nokkrar mannamyndir hans og handrit, hins vegar sýning á verkum eftir breska fjölhagann William Morris og nokkra samferðamenn hans. Þar getur að líta laufskrúð og blómaskreyti af ýmsu tagi – í veggfóðri, áklæði, teppum og gluggatjöldum, en einnig flísum, steindu gleri og bókum. Sýningin er hingað komin frá William Morris galleríinu í Lundúnum, fyrsta sýningin um „Arts and Crafts“ hreyfinguna sem hér hefur verið sett upp. Og eins og vænta mátti við af bresku safni, er hún framúrskarandi vel úr garði gerð.

Í Austursal getur síðan að líta hinn stóra vin vors og blóma meðal íslenskra myndlistarmanna, sjálfan Jóhannes Kjarval. Þar hefur annar stórvinur blómanna, Eggert Pétursson, fengið það verkefni að draga saman verk sem sýna hvaða augum hinn mektugi forveri hans leit liljur

vallarins. Í sameiningu gefa þessar þrjár sýningar – að viðbætti myndlist Eggerts sjálfs – tilefni til margháttadra hugleiðinga um viðhorf myndlistarmanna í brád og lengd til smáheima náttúrunnar. Sem eru, nóta bene, ekki endilega sama fyrirbæri og „landslag“.

Á þessum vettvangi er sjónum hins vegar beint að sýningunum tveimur í Vestursal, enda hefur skyldleiki þeirra ítrekað verið áréttaður í fjölmiðlum af aðstandendum þeirra. Vísast má deila um það hvort þeim Sölva og Morris er greiði gerður með slíkur samanburði; eins víst að hann geri ekki annað en hnykkja á því sem greinir þá að. Að vísu eru þeir nokkurn veginn samtíða, báðir á skjön við aldaranda og haldnir rómantískri fegurðarþrá. Aðstæður þeirra eru hins vegar gjörólíkar, Sölvi er sjálfmenntaður og umflakkaði öreigi og utangarðsmaður í frumstæðu bændaþjóðfélagi, sem fær útrás fyrir sköpunarþrá sína í vatnslitamyndum og teikningum. Morris er auðugur og gagnmennt-

aður hugsjónamaður í hinu stóra breska heimsveldi, og áhrifamikill leiðtogi í samfélagi listamanna, sem hafði að markmiði að berjast gegn óheftri iðnvæðingu með upprifjun og útbreiðslu á gömlu handverki og náttúrutengdri formfræði.

Og af því sem helst verður ráðið af skrifum Sölva leit hann á verk sín sem tjáningu sjálfsins og „óð til listarinnar“, þ.e. sjálfstæð listaverk um það sem hann kallaði „síungsanda Náttúru“. Hvað Morris snertir voru verk hans og samstarfsmanna hans listhönnun, eins og við skilgreinum það fyrirbæri í dag, tilraun til gagn Gerrar fegurðarvæðingar umhverfissins. Samvinnan um ákveðin hönnunarverkefni, sem við sjáum nokkur dæmi um á sýningu Morris í Vestursalnum, átti einmitt að draga úr fyrirferð hins „listræna sjálfs“ í framleiðsluferlinu.

En svo má auðvitað segja sem svo að þeir Sölvi og Morris séu báðir eins konar skipbrotsmenn; sá fyrrnefndi fékk aldrei að njóta hæfileika sinna,



Ljósmyndari: Pétur Thomsen

og þeim síðarnefnda mistókst það ætlunarverk sitt að hefta útbreiðslu fjöldaframleiðslu; listrænt handverk hans stóð einfaldlega ekki undir sér. Almúginn, hvers hag sósíalistinn Morris bar sérstaklega fyrir brjósti, hafði ekki efni á kaupa hugverk hans fyrir híbýli sín.

Áleitnar spurningar

Sýningin á verkum Sölva vekur upp áleitnar spurningar um það hvernig við umgöngumst myndlistararf okkar í seinni tíð. Vissulega er hún sú stærsta sem haldin hefur verið á arfleifð listamannsins til þessa. Og fengur að því að fá að sjá á henni 18 áður óþekktar myndir hans úr dönsku einkasafni. Hins vegar hefur enn ekki verið haldin sú yfirlitssýning á verkum Sölva sem ævistarf hans kallar á, 130 árum eftir dauða hans. Og sem fyrr ein-skorðast umfjöllun um listamanninn enn og aftur við margbrotna persónu hans, lífsbaráttu og óblítt viðmót samferðamannanna, í stað þess að einbeita sér að því að því að gaumgæfa verkin sem hann lét eftir

sig og birta um þau ítarlega umfjöllun, helst á bók. Stuttaralegur upplýsingatexti um Sölva sem fylgir þessari sýningu er með þessu marki brenndur; dittó upplýsingaefnið um blómamyndasýningu Kjarvals hinu megin í húsinu.

Satt best að segja er þessi meðhöndlun á ævistarfi margra helstu listamanna okkar orðin eins konar plagsiður á íslenskum söfnum. Sýningar á verkum þeirra eru orðin hluti af einhvers konar viðburðastjórnun, þar sem áhersla er lögð á skjóta afgreiðslu og tíð umskipti, í stað yfirvegaðra rannsókna. Fyrir vikið verður engin ný þekking til um listamennina og síðari tíma sýningarstjórar verða stöðugt á upphafsreit þegar kemur að sýningum á verkum þeirra.

Það hefði til dæmis verið fengur að frekari upplýsingum um viðhorf Sölva til náttúrunnar, m.a. með því að gaumgæfa þau ógrynni texta sem hann lét eftir sig. Hvað á hann t.d. við þegar hann talar um áður-

nefndan „síungsanda náttúru“, í bréfi frá 1848? Síðan er löngu tímabært að rannsaka til hlítar þá flóru sem Sölvi notar í verkum sínum. Að hve miklu leyti er hún upp-diktuð, tilbúningur listamannsins, eða byggð á því sem hann finnur í íslenskri náttúru? Og hvaða íslensk blóm fanga helst athygli hans? Sá sem þetta skrifar þykist að sönnu bera kennsl á stílfærða fífla, sóleyjar og sitthvað fleira í þessum verkum. En glöggur grasafraeðingur gæti auðvitað tekið af allan vafa um eðli og uppruna flórunnar. Og vitnisburður hans gæti síðan veitt vísbendingar um það hvar á landinu Sölvi leitar helst blóma. Þá er líka ómaksins vert að bera saman blómaskreyti Sölva og náttúruskreytið – vafninga, teinunga og laufskrud – sem er helsta einkenni á hefðbundnum tréskurði okkar. Eru verk Sölva fyrst og síðast framlenging á þeirri hefð, fremur en nútímaleg náttúruskoðun? Gjarnan vildi ég sjá einhvern fræðimann íhuga þann möguleika.



Ljósmyndari: Pétur Thomsen

„Viðtökusaga“ verka Sölva er líka áhugavert rannsóknarefni. Að því ég best veit eru ekki til nákvæmar upplýsingar um það hvernig hann notaði verk sín til að sjá sér farborða. Einhverjar sagnir eru um að hann hafi greitt fyrir gistingu og beina með því að gera (blóma)skreytt portrett af þeim sem skutu yfir hann skjólshúsi. Eru traustar heimildir fyrir þessu? Og hvernig líkaði fólki myndirnar sem hann gerði? Við vitum næsta lítið um það. Og þá má vel hafa hugfast að portrettljósmyndir af þessu sama fólki var eflaust að finna víða, a.m.k. á mörgum stærri bæjum, á þeim tíma sem Sölvi var á flakki. Fólk hafði því samanburðinn. Þá spyr maður kannski: Ef gestgjöfunum geðjaðist ekki að portrettmyndum flakkarans, var honum þá gert að taka pokann sinn?

Samsettur Sölvi

Það er umhugsunarvert hve mörg portrett Sölva – aðallega prófilmyndir, listamaðurinn réði tæpast við „klassísk“ framsæ andlit – sum af þeim með upphafsstöfum eða nöfnum fyrirmyndanna á skrautlettri, koma úr fórum listamannsins sjálfs, eða ótengdra aðila. Sem gæti bent til þess að portrettin hafi ekki alltaf verið að skapi þeirra sem „sátu fyrir“. Pappír var mun aðarvara á þessum tíma; því hef ég enga trú á að Sölvi hafi tímt að gera formyndir, hvorki að portrettum sínum né öðrum myndum.

Harpa Björnsdóttir hefur lengi kynnt sér verk Sölva, og hún hefur með höndum skipulag sýningarinnar. Og þótt sýningin veki upp fleiri spurningar en hún svarar, er hún bæði smekklegr útlits og þægileg áhorfs. Eina fyrirspurn vil ég gera

að lokum varðandi það sem Harpa segir í meðfylgjandi upplýsingatexta um „samsett“ verk listamannsins, nefnilega „Sölvi (hefur) tengt nokkrar ólíkar myndir saman í eina heild. Á sýningunni má sjá fleiri myndir sem hafa verið settar þannig upp af Sölva.“ Þetta er mikilvægt atriði. Með því að skeyta saman fjölda smærri verka, búa til úr þeim sýnu stærri myndir, er listamaðurinn í raun að fara fram á allt öðruvísi „lestur“ þeirra en áður hefur verið talið. Sömuleiðis hlýtur slíkur gjörningur að hafa áhrif á það hvernig við nálgumst myndlist hans. Við verðum því að hafa fyrir því býsna traustar heimildir að Sölvi hafi sjálfur borið sig að með þessum hætti. Þær mætti Harpa reida fram í þeirri bók um listamanninn sem hún mun vera með í smíðum.

Vatnið í náttúru Íslands



Það hlýtur að vera ákveðin áskorun í að setja upp sýningu í Perlunni. Perlunni hefur gjarnan vakið hjá mér óeirð, bæði til fóta og sálar og ég er yfirleitt ekki fyrr kominn þar inn en mig langar að fara aftur út. Nú kann að vera að ég sé í viðkvæmari kantinum og sé einn um að upplifa þessa sérstöku stemmningu sem er einhvers konar blanda af æðibunugangi og aðgerðarleysi. Miðað við hvað það er lítið við að vera í Perlunni finnst mér ég hafa í gegnum tíðina trodist þar furðu mikið í biðröðum. Perluferðir mínar síðari ár hafa flestar snúist um kaup á rjómaís handa barnungri dóttur og ráp á útsýnissvölunum sem ég verð að viðurkenna að eru ansi vel heppnaðar.

Það var því með samblandi af efasemdum og eftirvæntingu sem

við feðgin héldum í Perluna kvöld eitt fyrir nokkru til að berja augum sýningu Náttúruminjasafns Íslands: *Vatnið í náttúru Íslands*. Sýningin er á annarri hæð og tengd sýningunni *Perlu Nordursins* sem upplagt er að byrja á áður en sú fyrrnefnda er skoðuð.

Þegar við komum inn í Perluna barst ómur af djassgítarleik ofan af efstu hæð og keppti hann við ryksugugný sem virtist eiga upptök sín einni hæð neðar. Undir þessari hljóðskreytingu stigum við inn á sýninguna, heilsuðum risastórum vatnsketti sem vaktar hana og brátt vorum við umlukin kyrrlátu vatnsgjálfri.

Í sýningunni er vatn sett í fjölbreytt samhengi. Við fáum að kynnast gríðarmiklum orðaforða í íslenskri

tungu yfir fyrirbæri eins og ský og úrkomu og getum fylgst með rennsli áa í rauntíma, en sá partur sýningarinnar er tengdur mælum Veðurstofunnar. Einnig fáum við innsýn inn í margbreytileg vistkerfi sem þrífast í vatni. Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, Hilmar Malmquist, hefur unnið talsvert ásamt öðrum vísindamönnum við rannsóknir á þróun bleikju en þekktasta dæmið um einstaka þróunarfræði bleikjunnar er úr Þingvallavatni þar sem fjögur afbrigði hafa þróast frá sama upphaflega stofninum og sökum stærðar og lifn- aðarháttar haldast afbrigðin aðskilin. Þessu sérsviði forstöðumannsins eru gerð góð skil á sýningunni og er meðal annars hægt með hjálp gagnvirkar tækni að hafa áhrif á þróunarferli bleikjunnar í gegnum



10 þúsund ára tímabil í svokölluðum „Próunarleik“ sem sló heldur betur í gegn hjá dótturinni.

Mér skilst að sýningin hafi fengið verðlaun fyrir viðmótshönnun og kemur það ekki á óvart. Upplýsingar eru settar fram á mjög aðgengilegan og stílhreinan hátt og stuðst við nýjustu tækni. Tæknin ber hinsvegar ekki efnið ofurliði og fá gestir til dæmis að grípa til gamaldags stækkunarglerja þar sem það á við. Einn af tæknilegum hápunktum sýningarinnar má segja að séu ný kynslóð gagnvirkra stækkunarglerja sem hvíla á nokkuð yfirgripsmikilli loftmynd af votlendi en með því að staðsetja stækkunarglerið á merкта staði á loftmyndinni verða sýnilegar upplýsingar um það fyrirbæri sem er undir glerinu. Með því að snúa glerinu líkt og væri

maður að stilla fókus á myndavél, dýpkar sjónarhornið og upplýsingar uppfærast að sama skapi. Þannig kafar maður dýpra í viðfangsefnið og öðlast nýtt samhengi. Við feðginin vorum sammála um að þetta væri einstaklega skemmtileg aðferð til að miðla upplýsingum.

Við höfðum þann háttinn á að við byrjuðum á að ganga í gegnum sýninguna *Perlu norðursins* sem hefst í anddyri Perlunnar. Hún fjallar um íslenska náttúru í víðu samhengi og hefst á jarðsögulegum uppruna Íslands og endar á gagnvirkum landakorti þar sem sýningargestir geta með því að snúa skífu fylgst með stærðarþróun íslenskra jökla frá 1800 – 2200, miðað við gildandi spár. Það er skemmst frá því að segja að þrýðilegt samhengi er á milli þessara

tveggja sýninga og upplagt að skoða þær í þeirri röð sem við gerðum. Sýningar tvær eru með því betra sem boðið hefur verið upp á í Perlunni.

Erlendis eru náttúruminjasöfn gjarnan hluti af mikilvægustu söfnum herrar þjóðar og er Náttúruminjasafn Íslands samkvæmt safnalögum skilgreint sem eitt þriggja höfuðsafna þjóðarinnar. Það er í raun skammarlegt hvernig haldið hefur verið á málum safnsins í gegnum tíðina en það hefur löngum verið á miklum húsnaðihrakhólum. Sýningin *Vatnið í náttúru Íslands* er á pari við það sem best gerist erlendis og sýnir svo um munar að safnið hefur metnað og ástríðu til að sinna hlutverki sínu vel. Nú þurfa stjórnvöld að tryggja safninu þann sess sem því ber.

HVERSDAGSLEGA EINSTAKIR UM ÁHRIFAMÁTT SAFNGRIPA

**Smámunasafn
Sverris Hermannssonar**



Mannöldin er mögulega nýtt skeið í jarðsögunni. Nýtt skeið sem er tilkomið vegna áhrifa mannsins á umhverfið. Maðurinn hefur haft óafturkallanleg áhrif á umhverfið og vistkerfi jarðarinnar. Maðurinn hefur með neyslu sinni og framgöngu, sérstaklega síðustu 100 ár, haft samþæfing áhrif á jörðina og meiriháttar náttúruhamfarir. Það sem er ónáttúrulegt er náttúrulegt, það sem er utanaðkomandi er inngróið. Komið til að vera og hvert stefnum við? Hvernig er hægt að opna augu almennings fyrir alvarleika málsins?

Gripirnir geyma svarið

Smámunasafn Sverris Hermannssonar geymir hversdagslega gripi. Gripi sem einn maður safnaði í áratugi og telja í dag fleiri þúsund muni, allt frá hárlökkum, nælubrotum fundn-

um úti á götu til smíðaverkfæra af öllum gerðum auk lagermagns af skrúfum. Þarna á milli rúmast nánast allt sem viðkemur daglegu lífi fólks í íslensku bæjarsamfélagi 20. aldarinnar. Safnið má skoða sem dæmi um ráðdeild og aðhaldssemi en einnig má sjá þar merki um ofgnótt sem vísar til neysluvenja fólks síðustu áratugina. Fólkið sem upplifði þessa tíma og eru afkomendur þeirra sem gerðu það, þarf að vekja af værum blundi. Þetta er fólkið sem þarf að hugsa um samtíma sinn og tilvist sína í veröldinni upp á nýtt, þ.e.a.s. ef við viljum mögulega hafa áhrif á þessa hröðu þróun umhverfisáhrifa sem eru tilkomin vegna okkar. Þetta er fólkið sem þarf að ná til. Leið Smámunasafnsins til þess að fjalla um Mannöldina og áhrif mannsins á umhverfið getur

verið í gegnum gripina sjálfa. Safnið hefur allt sem þarf og virkar sjálf-sagt á þennan hátt á suma safngesti sem nú þegar hugsa á þessum nótum og eru meðvitaðir um málefnið. En svo eru aðrir sem fara í gegnum safnið og tengja það sem þeir sjá ekki við eigin neysluvenjur eða tilveru sína á jörðinni.

Lykillinn er fólgin í gripunum og mætti þeirra til að hreyfa við fólki. Í hverjum grip fyrir sig eru ótal tengingar og þræðir sem hægt er að rekja fram og aftur og tengja öðrum hlutum, upplifunum og einstaklingum á mjög persónubundinn hátt. Smámunasafnið gæti notað sinn efnivið til þess að setja gripi fram á þann hátt að þeir hreyfi við þeim sem skoðar sýninguna, veki til umhugsunar. Skapi núning eða svo-



kallað „contact zone“. Gripina mætti setja fram á þann hátt að þeir myndi tengsl við þann sem skoðar safnið, veki viðbrögð sem mögulega breyti viðhorfum og gildum safngesta.

Dr. Sandra Dudley sem hefur rannsakað og fjallað um gildi gripa og viðbragða við þeim, hélt fyrirlestur hér á landi nýverið undir yfirskriftinni *Remembering and Forgetting in Communities of Displaced Things*. Ég sótti fyrirlesturinn og mér fannst ég skynja næmi og yfirvegum í máli hennar um safngripi, þ.e. mikilvægi þess að við stöldrum við og hugsum um þá og allt sem tengist þeim á allan mögulegan hátt. Einn gripur er ekki aðeins það sem við horfum á þar og þá í sinni efnislegu mynd, hann er allir sem hafa handleikið hann, hann er allir staðir þar sem hann hefur verið, hann er allt sem

hefur verið gert við hann, hann er allt sem hefur máð hann eða skemmt, hann er hver einasta hugsun og tilfinning sem hann hefur kallað fram. Þá þarf einnig að huga að því að með hverri flokkun og skilgreiningu breytist gripurinn, einhverju er bætt við, annað er leiðrétt, það má samt sem áður ekki týna úreltum skilgreiningum eða flokkunum vegna þess að þær eru líka hluti af gripnum og sögu hans. Þekking og samhengi týnist, annað bætist við eða breytist, eðli hlutarins breytist í tímans rás.

Þegar gripurinn er orðinn safngripur, tapar hann að vissu leyti sinni sögu en verður saga annarra. Dudley fjallaði um brýr í fyrirlestri sínum. Hún velti því upp hvort mætti byggja brýr á milli hlutverks eða sögu grips í sínu upprunalega umhverfi, byggja brýr frá öllum þessum sögum, snertingum, hugsunum. Kortleggja áhrif alls þessa á gripinn eða a.m.k. vera meðvituð um þau og sjá þau í gripnum. Hver gripur er samsettur úr ótal þráðum, allt sem hefur gerst og haft áhrif á gripinn. Hún talar ekki um galla, heldur er allt hluti af gripnum, ör leiðarinnar eru hluti af „the object point of view“ og „the object memory“

Ef söfn vilja skapa upplifun sem byggir á öðru og meira en að til-einka sér staðreyndir eða ákveðna frásögn ættu þau stöðugt að stefna að því að draga úr fjarlægðinni á milli safngesta og safngripa. Með því verður upplifun gestsins sterkari, persónulegri og gripurinn sjálfur og saga hans skilja meira eftir sig hjá safngestinum.

Kannski er upplifun okkar á Smámunasafninu ekki endilega aðeins fólgin í gripunum sjálfum, heldur í sambandi okkar við þá, sambandi

okkar sem einstaklinga í samtímanum, með ákveðna reynslu, viðhorf og skoðanir. Gripirnir geta kallað eitthvað fram hjá okkur sem fær okkur til að hugsa um samtímann og ekki síst framtíðina. Íhuga hvað gæti verið fram undan og hvað okkur finnst um það. Kannski viljum við einhverju breyta. Annað hvort hjá okkur í daglegu lífi eða kannski grípur okkur þrá til að hafa alheimsáhrif? Styrkur gripanna og möguleiki þeirra til þess að tala til okkar liggur í því hversu hversdagslegir þeir eru, þess vegna er hægt að setja þá fram á þann hátt að við getum alltaf tengt þá okkur, okkar reynslu og sögu. Gripirnir kalla fram sögur úr lífi þess sem skoðar, minningar og löngu gleymd smáatriði eða stemmningu.

Þó svo að safngripur sé ekki lengur í sínu upprunalega samhengi þá eru samt enn þræðir uppruna hans til staðar og þessir þræðir ná til okkar sem upplifa þá í nýju samhengi á nýjum stað og þeir kalla mismunandi skynjun fram hjá hverjum og einum. Það sem safngripurinn kallar fram er einstaklingsbundið vegna þess að hver og einn skynjar gripinn út frá eigin forsendum. Ótal naglar á einni gamalli spýtu fá þig til að hugsa um alla naglana sem hafa farið um þínar hendur á lífsleiðinni. Gömul brúða kallar fram bernskuminningar. Kannski fær kökudiskur eða sykurkar þig til að verða aftur átta ára við eldhúsbordið hjá ömmu og afa, upplifunin getur orðið svo sterk að þú finnur aftur lyktina eða manst eftir notalegri morgunbirtunni og hljóðinu þegar afi saug kaffið í gegnum molann. Gömul verkfæri fá þig til að hugsa um verkfærin sem voru alltaf geymd í skúrnum í sveitinni, kannski verkfærin sem dugðu til alls sem þurfti að gera.



Ljósmyndir Sigrún Kristjánsdóttir

Ótal hugrenningartengsl, ótal þræðir sem gripir Smámunasafnsins geta kallað fram. Hinir hversdaglegu safngripir eru í raun kraftmiklir og kjörnir til þess að framkalla sterk viðbrögð hjá þeim sem skoðar safnið. Í þeim tilgangi að skapa sterka upplifun, kalla fram viðbrögð, má fara ýmsar leiðir. Það má leika sér með skynfærin og bæta við lykt eða snertingu. Og einmitt ekki drekkja mununum í texta og fræðilegum útskýringum. Á Smámunasafninu eru tilvitnanir í Sverri hér og þar, persónulegar og virka eins og

hugvekjur í samhengi við safnið, sem dæmi stendur á einum stað: „ég hef aldrei hent neinum blýant frá því ég byrjaði að læra árið 1946“. Þessir textar eru áberandi en ekki yfirþyrmandi. Textarnir bæta við nánd sem maður finnur fyrir inni á safninu og tengja við Sverri, safnarann sjálfan, þ.e. persónu hans og viðhorf.

Framsetning gripanna á safninu sem var í höndum þeirra Þórarins Blöndals og Finns Arnars Arnarsonar myndlistarmanna er vel heppnuð og þeim hefur tekist að varðveita hand-

bragð og þankagang Sverris. Allir þessir smáu, venjulegu hlutir, þegar þeim er stillt upp á þann hátt eins og Sverrir gerði hafa þau áhrif að sá sem virðir þá fyrir sér kann betur að meta mikilvægi hvers og eins. Sér að hver og einn hversdagslegur hlutur er einstakur.

Safngestir máta sig og þar með lífsreynslu sína við gripina og með því eiga þeir í samtali við sýningu sem afhjúpar neysluþróun 20. aldarinnar og þær stórkostlegu breytingar sem urðu á íslensku samfélagi á þessu tímabili. Sýningin leyfir fólki að upplifa, sjá og skynja allt það sem er að breytast í umhverfi okkar. Sumt er að hverfa, eyðast. Annað að verða til og oft of hratt og í of miklu magni. Þessu fylgja nýjar áskoranir fyrir alla sem safnastarf snertir þar á meðal safngestina sjálfa.

Söfn sem aktivistar er áhrifarík og fersk leið til þess að hafa áhrif. Hver erum við og hvert viljum við fara við upphaf nýs skeiðs í jarðsögunni? Þetta eru spurningar sem Smámunasafnið gæti sett fram með safngripum sínum. Safnið gæti tengst framsæknum söfnum víðsvegar í heiminum sem eru að ávarpa sama málaflökk og á þann hátt haft gríðarleg áhrif hnatt-rænt með sínum hversdagslegu en einstöku gripum. *Háa skilur hnetti himingeimur, blað skilur bakka og egg* orti Jónas Hallgrímsson, áhrifin fara ekki ekki eftir umfangi eða stærð, hið smáa getur haft gríðarleg áhrif ekki síður en það ógnarstóra.

Útdráttur úr námsritgerð í safnafræði í HÍ

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir,
safnafræðinemi og
framhaldsskólakennari

Safn í húsi danskra herra

Gamlar byggingar eru oft einstakur minnisvarði um sögu samfélags og stofnun safns ein besta leið til að varðveita bæði bygginguna og miðla þeirri sögu sem hún stendur fyrir. Stærsta og mest áberandi sýningarhús Byggðasafn Árnesinga er Húsið á Eyrarbakka byggt árið 1765. Það var heimili kaupmanna dönsku verslunarinnar og afkomenda þeirra fram til 1930 og fastasýningar Hússins eru tileinkaðar þeim hluta íbúasögunnar. Áfast við Húsið er Assistentahúsið aðeins minni og yngri bygging þar sem verslunarþjónar kaupmanns bjuggu. Þar er fjallað um valda þætti úr sögu sýslunnar og einnig sögu kaupmennsku á Eyrarbakka.

Sérstaða byggingarinnar sem hýsir safn Árnesinga hefur þannig greinilega mjög leiðandi áhrif í miðlun á sögu sýslunnar. Greinarhöfundur, sem er jafnframt starfsmaður safnsins, vildi skoða þennan þátt safnastarfsins nánar. Til að öðlast skarpari sýn á viðfangsefnið var land lagt undir fót og annað land sem heyrði undir Danmörku heimsótt; nánar tiltekið Grænland. Markmiðið var að sjá hvort Húsið á Eyrarbakka ætti eitthvað sameiginlegt með söfnum á Grænlandi þegar kom að mótun sýninga í danskættuðu húsi. Þessi grein er kynning á því verkefni.

Fjögur söfn á Vesturströnd Grænlands voru heimsótt og tekið viðtal við safnstjóra hvers safns út frá þeirri grunnspegningu, hvernig byggingin og saga hennar mótar eða stýrir miðlun. Í ferðamannabænum Ilulissat við Diskóflóa voru byggðasafn og listasafn heimsótt og svo byggðasöfn í bæjunum Sisimiut og Maniitsoq. Á Grænlandi eru söfn í öllum stærri byggðalögum eða yfir tuttugu byggðasöfn og tvö listasöfn. Langflest þeirra eru í gömlum húsum byggðum af nýlenduherrunum Dönum. Húsin eru yfirleitt fleiri en eitt, jafnvel húsþyrping sem stendur nálægt sjávarsíðunni og var fyrsti vísir að þorpi á staðnum.

Í Ilulissat er listasafnið staðsett í íbúðarhúsi fyrrum nýlendustjóra en sú íbúasaga er ekki sjáanleg á safninu. Listasafnið byggir á safni verka eftir Danann Emanuel A. Petersen (1894–1948) sem er einn sá þekkesti í hópi svokallaðra Grænlandsmálara. Efri hæð safnsins er tileinkuð samtímalist meðan verk og ævistarf Emanuels blasir við sjónum þegar fyrst er komið inná safnið. Safnstjórninn Ole Gamst-Pedersen tók skýrt fram í viðtali að hann væri að reka almennt listasafn fyrir sitt samfélag en ekki safn Emanuels jafnvel þótt markaðssetning virðist hneigjast í þá átt. Hann sá húsið helst sem hindrun sem sýningarsvæði fyrir listsýningar

út frá hagkvæmum atriðum en ekki vegna sögu þess. Það var mun frekar kvöðin við að gera Grænlandsmálverkunum Emanuels hátt undir höfði sem var hamlandi í sýningargerð þar sem rómantískar hugmyndir vestrænna manna endurspeglast sterkt í verkunum og erfitt að samræma það nýrri sýn eða samtímaverkum grænlenkskra listamanna.

Staðan er ólík á byggðasafninu í Ilulissat sem er með sýningaraðstöðu á æskuheimili Knuds Rasmussen (1879–1933) þekktasta og ástsælasta norðurslóðafara Grænlandinga í upphafi 20. aldar. Knud var dansk-grænlenkskur prestsonur sem ólst upp í veiðimannasamfélaginu í Ilulissat en hlaut framhaldsmenntun í Danmörku. Hann var sterk og sannfærandi rödd Grænlandinga í baráttunni fyrir því að teljast þjóð. Áhrif Knuds er að finna um allt Grænland og varla komið á safn án þess að minnst sé á ferðir hans og ritstörf. Persóna hans er allt umlykjandi svo jaðrar við helgiljóma. Knud er ekki eingöngu hetja Grænlandinga heldur einnig norðurslóðahetja Dana sem eru stór hluti ferðamanna á Grænlandi. Á sýningu safnsins eru störf Knuds í forgrunni en lögð natni í að segja frá tveimur grænlenkskum samstarfsmönnum hans, Tobias Gabrielson og Jørgen Brønlund.



Séð yfir útisafnið í Sisimiut þar sem eru dönsk íbúðarhús frá nýlendutímum og gamla kikjan. Einnig má þar sjá endurbyggt torfhús Grænlandinga.

Sögu svæðisins frá fornsögulegum tímum fram á 20. öld er einnig miðlað á safninu. Áhugavert var að sjá arfleifð danskra embættismanna að mestu leysta með nafnalista á gylltum veggspjöldum. Barnæska Knuds í húsínu er ekki sýningarþáttur en skjöldur og stytta við anddyri safnsins minnir á þá staðreynd. Safnstjórinn Anja Reimer vinnur að því að minnka vægi safnsins sem umgjörð um hetjuna og auka vægi miðlunar um byggðasöguna. Þá vill hún sérstaklega að fjallað verði meira um fyrra hlutverk hússins sem fræðslusetur því Christian Rasmussen, faðir Knuds, var bæði prestur og uppfræðari og mikill hvatamaður fyrir aukinni menntun inúíta. Nafni safnsins hefur verið breytt frá því að heita Knud Rasmussens Hus yfir í Ilulissat Museum. Breytingin verður þó einhverja stund að ná útbreiðslu því víða á vefnum gengur safnið enn undir sínu gamla nafni.

Næst er ferðinni heitið til Sisimiut sem er næststærsti bær í Grænlandi með um 6000 íbúa. Byggðasafn Sisimiut er útisafn sem samanstendur af gömlum nýlendubyggingum. Djásn safnsins er kirkjan sem var reist 1775 og þykir ekki síst merkileg fyrir það að Grænlandingar fjármögnuðu hana sjálfir og borguðu fyrir byggingu hennar með 60 tunnum af hvalspiki. Við kirkjuna eru hús sem hafa gengt ólíku hlutverki, íbúðarhús nýlendu-herra, kaupmanns og prests, verslunarhús, birgðageymsla, endurgerð af torfhúsi innfæddra og smiðja. Hvert og eitt hús safnsins er með skilti utanhúss með stuttum texta um hvaða hlutverki húsið þjónaði áður. Fyrrum verslunarhús og smiðja fá víðeigandi hlutverk meðan sýningar í öðrum húsum segja ólíka sögu byggðarinnar og náttúru í kring. Þar sem upphaflega var heimili nýlendustjóra bjó mun síðar í sögunni, grænlenstur stjórnmálamaður Jørgen C. F. Olsen

(1916–1985). Hann talaði fyrstur manna opinberlega um kröfu Grænlandinga um heimastjórn. Hann einn er nafngreindur á því húsaskilti og stytta af honum er á miðju safnsvæðinu. Á sýningum í íbúðarhúsum má hvergi sjá neinn vott af íbúasögu svo skiltin ein og sér eru látin nægja.

Svipuð sýningastefna er á byggðasafninu í Maniitsoq sem er 2000 manna þorp örlítið sunnar á Vesturströndinni. Þrjú sögufræg hús hýsa sýningar. Eitt þeirra var íbúðarhús verslunarþjóna en þar er sýnd listasaga svæðisins. Fyrir utan þá umfjöllun sem listamenn fá á safninu er ein persóna úr sögu bæjarins dregin fram; grænlenstur konan Kristens Donadussen (1923–1988) sem er heiðruð fyrir framlag sitt til samfélagsins með minningarskildi við safnið.



Safnið í Ilulissat sem er fremst á myndinni er staðsett í gömlu nýlendubýggðinni. Húsið var æskuheimili Knuts Rasmussen norðurslóðafara.

Safnaheimurinn á Grænlandi er alls ekki án húsa sem halda utan um íbúasögu. Á byggðasafni Qeqertarsuaq í Diskóflóa er persónusögu tveggja manna gerð skil í viðeigandi húsum; danska landshöfðingjans Philip R. Rosendahl og Grænlandingsins Otto Sandgreen. Í Narsaq á Suður-Grænlandi er hús Henriks Lund eitt margra sýningarhúsa og í Nuuk er hús Hans Lynge opið gestum.

Það var samt deginum ljósara að sýningarstefna Byggðasafns Árnesinga á lítið sameiginlegt með því viðhorfi sem ríkir á söfnum sem heimsótt voru á Grænlandi. Saga Árnessýslu er að miklum hluta sögð í gegnum íbúasögu Hússins. Þannig eru t.d. gripir víða að úr sýslunni notaðar inni í sviðsetningu á heimili kaupmanns og rýmið sem fjölskyldusagan fær er mjög mikið. Áhrifum dansk-íslenskrar yfirstéttar eru gerð góð skil og saga framfara speglast í þeirri sögusköðun. Grænlandsku söfnin virðast hins vegar víkja sér undan að fjalla um persónusögu danskra herra

en á hógværan hátt minnst þeirra heimamanna sem stóðu fyrir framförum í sinni byggð. Saga byggingarinnar stýrir ekki nema að litlu leyti miðlun á þessum fjórum söfnum en eftir situr þó að gesturinn gengur alltaf innum dyr á húsi danskra herra þegar saga Grænlands er heimsótt; jafnvel þó verið sé að segja 4000 ára gamla sögu veiðimannasamfélags sem bjó í tjöldum að sumri og hlöðnum torfhúsum að vetri.

Þessar tvær grannþjóðir Ísland og Grænland voru alla tíð í mjög ólíku sambandi við herraþjóð sína. Ísland leit á sig sem hjálendu Danmerkur meðan Grænland var nýlenda og sú staða hefur sterk áhrif á þjóðarímynd þeirra beggja. Ísland varð fullvalda um miða 20. öld, áratugum áður en gullöld byggðasafna hófst. Grænland fékk hins vegar ekki heimstjórn fyrr en 1979 og er nú nýorðið sjálfstjórnarsvæði innan danska ríkisins. Saga danskra yfirráða á Íslandi er orðin það fjarlægð að það virðist samfélagslegt samþykki fyrir miðlun

Byggðasafns Árnesinga og annarra safna sem varpa jákvæðu ljósi á dönsku kaupmannsstéttina og samfélagslegt hlutverk hennar. Ekki er sett neitt spurningarmerki um stéttarstöðuna, enda Íslendingum ekki tamt að vilja ræða um stéttir. Íslenska þjóðin hefur öðlast reisin gangvart sínum yfirboðurum. Grænlandingar eru aftur á móti enn að vinna með stöðu sína sem þjóð með langa sögu misréttis og kúgunar af hendi Dana og glíma við margslungna menningararéekstra sem ná yfir marga þætti samfélagsins. Þessi ólíka saga endurspeglast í safnamenningu þjóðanna. Greinarhöfundur er enn að vinna úr þeim gögnum sem söfnuðust í kynnisferðinni en merkilegast var að uppgötva hve gagnlegt var að spegla eigin menningu í menningu grannþjóðar sinnar og finna bæði samhljóm og ókunnugleika þar sem þess var síst að vænta.

Linda Ásdísardóttir safnafræðingur

Frétt um fjárlögin: Safnasjóður vex

Rétt um það leyti sem Kvistur fór í prent birtist fjárlagafrumvarp ársins 2020 á vefnum. Þar kennir að venju ýmissa grasa en það sem líklega gleður safnmenn um land allt er umtalsverð hækkun framlaga til safnasjóðs. Samkvæmt frumvarpinu mun sjóðurinn hafa 250 milljónir á árinu 2020 sem er hækkun um 100 milljónir frá árinu í ár. Kvistur vonar að ekki hafi verið um innsláttarvillu að ræða

og sú leiðrétting sem lengi hefur verið beðið eftir á framlögum til sjóðsins sé orðin að veruleika. Ríkið lagði með safnalögum auknar skyldur á herðar viðurkenndra safna án þess að leggja þeim til fé á móti. Þessi hækkun er því mikið fagnaðarefni og liður í að koma til móts við fjárþörf safnanna svo þau geti staðið við skyldur sínar.



MENNINGARMIDSTÖÐ PÍNGEYINGA

Grenjaðarstaður | Safnahúsið á Húsavík
Sauðaneshús | Snartarstaðir

safnahus@husmus.is - www.husmus.is - sími: 464 1860

Opnað verður fyrir
umsóknir í aukaúthlutun
safnasjóðs 2019 og
í aðalúthlutun safnasjóðs
2020 í lok október.

Fylgist með á vef safnaráðs
www.safnarad.is.



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Safnaráð - safnasjóður • Gimli • Lækjargötu 3 • 101 Reykjavík
Sími 534 2234 • safnarad@safnarad.is • www.safnarad.is

Skógasafn 70 ára

Haldið var uppá afmæli Skógasafns með pomp og prakt. Skógasafn er eitt stærsta og öflugasta byggðasafn landsins með stórt húsasafn og um 18.000 safngripi. Það er jafnframt fjölsóttasta safn landsins utan Reykjavíkur.

Þórður Tómasson fyrrum safnstjóri Skógasafns fagnar afmæli safnsins með þjóðminjavörðunum Margréti Hallgrímsdóttur og Þór Magnússyni.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson formaður stjórnar Skógasafns, Andri Guðmundsson safnstjóri og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, á afmælishátíðinni.



Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir



Byggðasafnið
Görðum Akranesi



Hafnarborg



Ljósmyndasafn Reykjavíkur



14.09.2019–12.01.2020 Stefnumót–Norræn ljósmyndun út yfir landamæri
17.01.2020–03.05.2020 Valdimar Thorlacius
09.05.2020–01.06.2020 Blaðaljósmyndarafélag Íslands
06.06.2020–13.09.2020 Christopher Lund

Opnunartímar
mánudaga–fimmtudaga 10:00–18:00
föstudaga 11:00–18:00
helgar 13:00–17:00

Tryggvagata 15 (6. hæð)
101 Reykjavík
www.borgarsogusafn.is

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR

VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFÍR SILKIPAPPÍR
SÝRUFÍR KASSAR



—hvítlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



ÁRMIÐINN INNIFALINN

Það tekur tíma að fara í ferðalag sem nær yfir 1200 ár. Nú er miðinn þinn í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið líka árskort. Hann gildir í heilt ár svo þú hefur nægan tíma og ert velkomin/n eins oft og þú vilt.



Árskort gildir 1/12/2018 - 30/11/2019

Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgata 41
101 Reykjavík

Safnahúsið
Hverfisgata 15
101 Reykjavík

Sími +354 530 2200
Opíð alla daga 10-17
Lokað mánudaga 16/9-30/4

www.thjodminjasafn.is
@icelandnationalmuseum
@thjodminjasafn